

# SKÓLAVARÐAN

4. tbl. 9. árg. júní 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands



**NEI VIÐ NIÐURSKURÐI**

**Námsmat í framhaldsskólum**

**Samtök fámennra skóla lögð niður**

**Norðlingaskóli tvöfaldur verðlaunahafi**

**Leikskólinn Aðalþing**

## Tölur og rafmagnað samspil

17.- 21. ágúst kl. 9:00 –16:00 alla dagana.  
Kennari Helga Rut Guðmundsdóttir o.fl.

## Ertu að fara að kenna Snorra?

13. ágúst kl. 9:00-17:00.  
Kennar Ása Helga Ragnarsdóttir og Magnús S. Guðmundsson.

## Hljóm 2

26. ágúst kl. 8:30-16:00 og seinni hluti 7.október 8:30-12:00 ætlað leikskólakennurum. Kennari Jóhanna Einarsdóttir.

## Skrift / kennsla í Ítalíuskrift

30.ágúst 6.september og 13.september kl. 14:00-16:30  
Kennari Freyja Bergsveinsdóttir.

## Hljóm 2

3. september kl. 8:30-16:00 og seinni hluti 22. október kl. 8:30-12:00 ætlað leikskólakennurum. Kennari Ingabjörg Símonardóttir.

## Kvikmyndun í skólastarfi fyrir byrjendur

7. september kl. 14:00-17:00 og 9. september kl. 14:00-17:00  
Kennari Magnús S. Guðmundsson.

## Rannsóknarkennslustundir í stærðfræði (Lesson study)

Hefst 7. september — 16. nóvember. 6 skipti kl. 14:30-16:00.

Kennarar Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir.

## Hagnýt ráð til að bæta samskipti og hegðun í skólastofunni

10. september—5. nóvember. 5. skipti.  
Ýmsir kennarar og sálfræðingar.

## Einföld hreyfimyndagerð fyrir byrjendur

14. september kl. 14:00-17:00 og 16. september kl. 14:00-17:00  
Kennari Magnús S. Guðmundsson.

## Orðhútaleiðin í stafsetningarkennslu

13. ágúst kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00 og 26. október og 30. nóvember kl. 14:00-16:00.  
Kennari Baldur Sigurðsson.

## Fjölmennig í ljósi samfélagsaðstæðna

14. september kl. 14:00— 17:00  
Kennari Hildur Blöndal Sveinsdóttir.

## Lesnámskeið í stærðfræði fyrir kennara í 1.-5. bekk

14.september, 28. september, 12. október, 9. nóvember, 23. nóvember og 30. nóvember kl. 14:30- 16:00  
Kennari Guðbjörg Pálsdóttir.

## Fjölmennig

17. september, 24. september og 1. október kl. 14:00-16:00  
Kennari Hildur Blöndal Sveinsdóttir.

## Þarf göður kennari að geta sett sig í spor nemenda?

Samkennid, samskipti og samvinna í skólastofunni  
5. október 2009 kl. 14 – 16.

Kennarar Ásdís H. Haraldsdóttir, Hrunn Þórarinsdóttir.

## Hvatning til lestrar

8. október kl. 14:00-17:00  
Kennari Guðmundur B. Kristmundsson.

## Frumskógar fjármálanna

Fyrir kennara á unglingsstigi  
7. október kl. 15:00-17:00  
Kennari Sigríður Erla Jónsdóttir .

## Það verður hverjum list sem hann leikur

Tónlistaruppgældi ætlað leikskólakennurum  
Október  
Kennari Sigríður Pálmadóttir.

## Leiðsagnarmat

5. október, 15. október og 3. nóvember kl. 14:30-16:30  
Kennari Ragnheiður Hermannsdóttir .

## Tónlistarleikir fyrir bekkjarkennarann

(1. – 4. bekk) 15. október kl. 14:00 -16:30 . Kennari Helga Rut Guðmundsdóttir.

## Tónlistarleikir fyrir bekkjarkennarann

(5.- 8. bekk) 29. október kl. 14:00 -16:30.  
Kennari Helga Rut Guðmundsdóttir.

## Einhverfa og leiðir í kennslu og þjálfun

Haustönn 2009 Fyrir umsjónarkennara  
Kennari Sigrún Hjartardóttir

## Einhverfa og leiðir í kennslu og þjálfun

Haustönn 2009. Fyrir kennara og aðra starfsmenn sérdeilda  
fyrir einhverfa nemendur  
Kennari Sigrún Hjartardóttir

## Hvernig kenni ég ljóð?

Fyrir unglingsstigs kennara 8. febrúar  
Kennarar Ása Helga Ragnarsdóttir og Magnús S. Guðmundsson.

## Húmor í skólastofunni

2. mars

Kennarar Ása Helga Ragnarsdóttir og Magnús S. Guðmundsson.

## Menning og menningarlaus ungra barna

Vorönn 2010  
Kennari Þórdís Þórðardóttir



Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarféлага KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Elna Katrín Jónsdóttir  
Varaformaður KÍ

## Látum ekki börnin borga brúsann

Kennarasamband Íslands varar við þeirri hugmynd að alveg eins sé hægt að skera niður í skólakerfinu og í annarri starfsemi. Skólinn er vinnustaður og griðastaður barna okkar. Þegar foreldrar missa vinnuna, búa við skertar atvinnutekjur eða ráða ekki lengur við að eiga eða leigja viðunandi húsnæði versnar hagur barna og unglinga. Skólastarf í landinu og sú þjónusta sem við teljum að lágmarki nauðsynlega fyrir börn í leik- og grunnskólum, ungmenni í framhaldsskólum og nemendur í tónlistarskólum er vissulega stór útgjaldaliður í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Síst má þó álykta að þar sé hægt að skera niður starfsemi og þjónustu án þess að það bitni harkalega á nemendum og fjölskyldum þeirra. Raunar er það svo að sá niðurskurður sem er hafinn, svo sem skertur opnunartími leikskóla, brottfall viðbótarstunda umfram lögboðin lágmark í grunnskólum, sem voru til dæmis notaðar sem heimanámsstundir eða til þess að skipta stórum námshópum í hluta kennslunnar, niðurfelling forfallakennslu og skerðing stoðþjónustu á borð við náms- og starfsráðgjöf, forvarnir og félagsmálastarf hringir viðvörunarþjöllum í hugum skólamanna jafnt sem annarra sérfræðinga. Áform rekstraraðila grunnskóla um að reyna að fá því framgengt að lögboðinn starfstími grunnskólanemenda verði stytur um tíu daga á ári og yfirlýsingar um að það skipti eiginlega litlu og varla nokkur skaði af því vekja enn alvarlegri áhyggjur af andvaraleysi um afleiðingar þess að taka skref aftur á bak og skerða nám og skólustarf frá því sem talið er ásættanlegt.

Skólinn og starfsemin sem þar fer fram þarf að vera fasti punkturinn í lífi nemenda. Sveitarfélögin í landinu eru mörg og hafa rekið sín bú misvel, en gert er gert og nauðsynlegt er að styðja sveitarfélög sem ekki geta rekið skóla sína með viðunandi hætti til þess verks í því efnahagslega gjörningaveðri sem nú gengur yfir okkur. KÍ tekur heilshugar undir með öðrum um að í viðleitni okkar að ná tökum á fjárhag landsins þarf að fara yfir rekstur og starfsemi allra stofnana hins opinbera – líka skólanna. Hins vegar kallar þetta óvenjulega ástand líka á að vissum spurningum um forsendur hagræðingar í rekstri sé svarað og rætt hvað geti verið skaðlegt og óhagkvæmt

**Getur skólinn haldið áfram að vera öruggur samastaður barna og ungmenna og bakhjarl fjölskyldna með færri kennurum, verri starfskilyrðum nemenda og kennara, styttri árlegum starfstíma, færri valkostum í námi og skertri stoðþjónustu?**

til lengri tíma að skera niður. Slíkar spurningar eiga vissulega við um skólustarf og menntun en einnig um ýmsa meginþætti í heilbrigðiskerfinu og félagslegri þjónustu.

Spyrja má í þessu sambandi hvernig skólinn geti haldið áfram að vera öruggur samastaður barna og ungmenna og bakhjarl fjölskyldna með færri kennurum, verri starfskilyrðum nemenda og kennara, styttri árlegum starfstíma, færri valkostum í námi og skertri stoðþjónustu. Á hinn bóginn er fullljóst að hvorki ríki né sveitarfélög geta rekið skólastofnanir með halla ár eftir ár heldur hlýtur að þurfa að færa til milli málaflokka, bæta í sums staðar en draga annars staðar úr útgjöldum eða minnka tekjustofna tímabundið. Félagsmenn KÍ eru vel meðvitaðir um vanda íslensks samfélags og takast á við hann bæði með nemendum sínum og í einkalífi sínu á hverjum degi.

**KÍ skorar á stjórnvöld, jafnt ríki sem sveitarfélög, að taka höndum saman um að verja skólustarf og menntun í landinu og mun ekki skorast undan því að leggja þar til krafta sína og þekkingu.**

Elna Katrín Jónsdóttir

# „Beinharðar sannanir“

Endurreisn hagkerfisins á heimsvísu og öflug menntun haldast í hendur

„Viljum við af einlægum ásetningi bæta þjóðfélag okkar hljótum við að leggja höfuðáherslu á að bæta skilyrði skólanna til að gera nemendum sínum kleift að menntast.“

Páll Skúlason í grein sinni Lífsgríði þjóðar (Skírnir, vor 2009).

Í öllu mótlæti felast möguleikar. Horfur eru samt ekki bjartar á næstunni og Alþjóðavinnumálastofnunin spáir því að allt frá tuttugu og upp í fimmtíu milljónir launamanna kunni að missa vinnuna á þessu ári í heiminum. Fjórfaöldur sá fjöldi má búast við að reyna nýtilkomna örbirgð á eigin skinni, þar af flestir í Suðrinu. Alþjóðabankinn, Sameinuðu þjóðirnar og OECD eru nokkuð sammála um þróun kreppunnar og þann 27. maí sl. gáfu SP út það álit sitt að heimshagur myndi versna (þ.e. hagvöxtur yrði neikvæður) um 2,6% á þessu ári. Eitthvað gæti þokast í rétta átt á næsta ári en þó eru blíkur á lofti, kreppan getur dýpkað enn. „Bókstafstrú á markaðinn hefur runnið sitt skeið,“ segir Barbara Wettstein hjá Alþjóðasamtökum bankamanna og starfsmanna tryggingafélaga, „en endurreisnin verður að vera heildstæð og á heimsvísu ... Nýtt hagkerfi verður að setja launamenn og sjálfbæra þróun frammar fjárfestum og spákaupmönnum.“ Alþjóðasamtök kennara (Education International) taka sama pól í hæðina, sömuleiðis Alþjóðasamtök stéttarfélaganna (ITUC) og Evrópuþéild þeirra (ETUC), Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), Alþjóðabaráttusamtökin fyrir menntun (GCE) og margar fleiri fjölþjóðlegar stofnanir og samtök, sem jafnframt hafa sett saman og kynnt áætlanir um endurreisn hagkerfa heimsins, ýmist ein sér eða í samvinnu hver við aðra. Í þessum áætlunum er menntun víðast mjög ofarlega á blaði. „Menntun er öflugasta vopnið til að breyta heiminum,“ sagði Nelson Mandela á sínum tíma. Á leiðtogafundi G20 hópsins í London var minnst á menntun og starfsþjálfun í aðgerðayfirlýsingu: „Við munum vernda störf með því að örva vöxt, fjárfesta í menntun og starfsþjálfun og hafa virka stefnu á vinnumarkaði þar sem sjónum er sérstaklega beint að þeim sem minnst mega sín.“ Fyrir skömmu fór Fred van Leeuwen framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara fram á það við

Robert Zoellick forseta Alþjóðabankans að verja þúsaldarmarkmiðin, og þá sérstaklega menntun fyrir alla, gegn áhlaupi kreppunnar. Zoellick sagði af þessu tilefni meðal annars eftirfarandi: „Ég get ekki látið mér detta í hug nokkur skapaður hlutur sem er mikilvægari en einmitt þetta. Við höfum beinharðar sannanir fyrir því að fjárveitingar til þessara mála hjálpi til við að koma heiminum út úr kreppunni.“ Hérlandis hafa margir fleiri aðilar en Kennarasambandið haft uppi svipaðar skoðanir, meðal annars hefur Umboðsmaður barna varað við niðurskurði í skólum og alþjóðleg nefnd skipuð sérfræðingum frá OECD og úr finnska menntamálagæiranum kallar eftir því að athafnir fylgi orðagjálfrí og öll ráðuneyti og stjórn málaflakkar forgangsraði í þágu menntunar, ennfremur að ráðamenn átti sig á að niðurskurður í þessum málaflakki geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir framtíð Íslands. Það er ljóst að þrýstingur eykst á stjórnvöld um að skera ekki niður í menntamálum heldur þvert á móti. Engu að síður er niðurskurður þegar hafinn og sums staðar í heiminum er hann stórfelldur, svo sem á Ítalíu og Írlandi. Ætlum við að verða þriðja „Í“ landið sem verður þekkt að þessum endemum? Nei, auðvitað ekki. En um leið og við ákveðum að efla menntun verðum við líka að svara á nýjan leik spurningunni: Hvað er menntun? Of lengi hefur óheft markaðshyggja fengið að ráða ferðinni í skilgreiningum á menntun, tilgangi hennar og innihaldi. Páll Skúlason segir í sömu grein og vitnað er til hér í upphafi: „Menntun er fyrst og síðast fólgin í eflingu dómgreindarinnar hjá þeirri sjálfsvitandi veru sem hvert okkar er. Og dómgreindin er hæfileikinn til að fella dóma um gildi hlutanna, um gildi hvers sem vera skal, jafnvel lífsins sjálfs.“ Hér felast möguleikar í mótlætinu: Að endurhugsa hvaða augum við lítum menntun og losa hana úr viðjum spákaupmanna, samfélaginu til heilla.

Kristín Elfa Guðnadóttir



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

## EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Látum ekki börnin borga brúsann	3	Viðtal: Okkar hlutverk að vera á vaktinni	15
Leiðari: „Beinharðar sannanir“	4	Framhaldsskóli: Að vanda til námsmats	18
Gestaskrif: Að finna sér farveg	5	Námsgögn: Clicker 5	20
Teiknimyndasagan: Skóladagar	6	Umhverfismennt: Anna Lena og Ragna í Tékklandi	22
Kjaramál: Launaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa - grunnskóli	7	Norðlingaskóli: Hverjir eru bestir!	24
KÍ: Áhersluatriði KÍ vegna efnahagsástandsins	8	Endurmenntun: Textílsetrið með spennandi námskeið í notalegu umhverfi	26
Frétt: Ákall erlendrar sérfræðinga	8	Comenius: Njálshögur vann ljósmyndakeppni og MA slagorðakeppni	28
Sjálfstýrking: Baujan – hvað er það?	10	Smiðshögggi: Öflugt leikskólustarf	30
Félagsstarf: Samtök fámennra skóla lögð niður	11		
Námshöggi: Allt á fullu hjá Námsgagnastofnun	14		

**Ritstjóri:** Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is  
**Ábyrgðarmaður:** Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is  
**Umsjónarmaður félagatals:** Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115  
**Hönnun:** Zetor ehf.  
**Ljósmyndir:** Jón Svavarsson, nema annars sé getið

**Forsíðumynd:** Á leið í skrudgöngu á Vorhátíð Austurbæjarskóla. 20. mars 2009 í Neskirkju.

**Auðlýsingar:** Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

**Prentun:** Ísafold

**Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík**



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

# Að finna sér farveg



Ljósmyndari: Bára Kristinsdóttir

Silja Bára Ómarsdóttir

Ég hef lengi velt því fyrir mér hvert hlutverk kennara sé. Er það að koma staðreyndum inn í kollinn á nemendum? Að kenna þeim að tjá sig? Að kenna gagnrýna hugsun? Sem háskólakennari tel ég að allt þetta skipti máli, og þótt nokkur áhersla sé lögð á staðreyndir í mínu fagi þá reyni ég að sannfæra nemendur mína um að staðreyndirnar séu eingöngu forsenda þess að þeir geti tjáð sig um skoðanir sínar sem þeir eiga að móta á grundvelli gagnrýnnar hugsunar. Til þess að geta sett fram skoðun, hins vegar, þurfa þeir að ráða yfir vissum tækjum. Það mikilvægasta að mínu mati er að geta sett skoðun sína skýrt fram í ræðu og riti.

Þegar ég var sex ára skilst mér að ég hafi ætlað að verða kennari. Ári seinna datt mér ekki annað í hug en að verða geimfari. Það rjåtlaðist af mér á öðru ári. Árið 1979 var ár barnsins hjá Sameinuðu þjóðunum og Æskan birti bréf frá börnum um allan heim sem lýstu aðstæðum þeirra. Ég var átta ára og allt í einu áttaði ég mig á því að ég vildi læra alþjóðasamskipti. Ég vissi reyndar ekki hvað námið hét og hefði ekki getað útskýrt hvað fólst í því. Það var heldur ekkert í skólakerfinu sem aðstoðaði mig við að komast að því hvað það væri. Þegar ég var komin í menntaskóla hafði ég komist að þeirri niðurstöðu að ég hlyti að þurfa að læra lögfræði og svo þjóðarétt. Sem betur fer var það ekki rétt, en ég þurfti að fara af landi brott til að komast að því að til væri sérstök fræðigreinin sem hét alþjóðasamskipti. Ég velti því enn fyrir mér hvernig fólk velur sér nám og kemst að því hvað það vill gera því það var ekkert í skólaumhverfinu sem gerði mér kleift að þroska þennan áhuga minn eða undirbúa mig markvisst fyrir háskólanám á þessu sviði. Ég notaði því aldrei tækifærið til að tengja verkefni sem ég vann í menntaskóla við áhugasvið mitt, enda voru verkefni oftast mjög afmörkuð og lítil sveigjanleiki í boði hvað efnistöð varðaði.

Þegar ég fann mína hillu í lífinu fór ég í lítinn háskóla í norðvesturhluta Bandaríkjanna. Eitt af því sem ég skoðaði sérstaklega við val á námi var fjöldi nemenda á hvern kennara við skólann, en þarna voru um

Árið 1979 var ár barnsins hjá Sameinuðu þjóðunum og Æskan birti bréf frá börnum um allan heim sem lýstu aðstæðum þeirra. Ég var átta ára og allt í einu áttaði ég mig á því að ég vildi læra alþjóðasamskipti.

Í staðinn fyrir að sitja þögl í tíma og gleypa í sig fróðleik þurftu þau allt frá sex ára aldri að koma með einhvern hlut að heiman og standa upp fyrir framan bekkinn til að segja frá honum. Hlutirnir gátu auðvitað verið misáhugaverðir en þjálfunin skilaði sér greinilega.

tíu nemendur á hvern kennara. Mikil áhersla var lögð á þátttöku í tímum. Kennarar hvöttu nemendur til að tjá sig, leiðréttu rangfærslur kurteislega og með virðingu fyrir skoðunum. Það var einkum þrennt sem vakti athygli mína þarna, hversu fámennir tímar voru í samanburði við lögfræðina sem var eina háskólanámið sem ég hafði reynslu af að heiman, hversu mikið frelsi við höfðum til að velja okkur viðfangsefni innan hvers námskeiðs fyrir sig og hversu auðveldlega bandarísk skólasystkin mín settu fram skoðanir sínar, sama hversu kjánalegar manni fannst þær stundum. Nokkur fjöldi erlendra nemenda var í hverjum áfanga og það var augljóst hversu mikill munur var á okkur og þeim bandarísku hvað þetta varðaði. Eftir nokkra umhugsun og þegar ég fór að ræða þetta við samnemendur mína komst ég að því að þau bandarísku voru alin upp við að „sýna og segja frá“ (*show and tell*) tjáningarkennslu í skólum. Í staðinn fyrir að sitja þögl í tíma og gleypa í sig fróðleik þurftu þau allt frá sex ára aldri að koma með einhvern hlut að heiman og standa upp fyrir framan bekkinn til að segja frá honum. Hlutirnir gátu auðvitað verið misáhugaverðir en þjálfunin skilaði sér greinilega.

## Að segja sína skoðun

Samanburðurinn á þessari upplifun – að komast stundum ekki að í tíma af því allir

þurftu að tjá sig – og því þegar ég fór sjálf að kenna fannst mér ótrúlegur. Ég hef varpað fram spurningum til nemenda og tekið tímamann á því hvað ég get þagað lengi meðan ég bíð eftir svári – og það í tímum með meistaranemum sem eru gjarnan um og yfir þrítugt – og hef þurft að bíða í allt að þrjár mínútur. BA-nemarnir mínir hafa ekki taugar í að bíða svo lengi. Þetta held ég að endurspegli tvennt, annars vegar að bekkir eru of stórir og nemendur eiga því ekki að venjast að geta talað saman. Um leið er hlutfall nemenda á kennara allt of hátt. Hins vegar að nemendur skortir þjálfun í að tjá sig. Ég hef meira að segja heyrt það frá nemendum að þau hafi engan áhuga á að vera með umræður í tímum því þau séu komin í nám til að hlusta á sérfræðingana sem kenna þeim. Þetta finnst mér meingölluð afstaða til náms því að mínu mati felst að minnsta kosti jafn mikill lærdómur í því að tjá sig um viðfangsefnið og í að hlusta á og lesa það.

Ég heyrði fólk oft segja um mig og við mig þegar ég var á táningsaldri að ég yrði örugglega kennari. Mig hryllti sannast sagna við tilhugsuninni á þeim tíma. Sá alltaf fyrir mér að það væri ekkert nema það að reyna að troða óáhugaverðum staðreyndum inn í kollinn á krökkum. Það skrytna er að um leið og ég hafði lokið námi varð ég að kennara og um leið og ég byrjaði að kenna var ég

**Þegar ég útskýri frekar, að þar sem Atlantshafsbandalagið sé ekki ríki þá eigi ekki að tala um önnur ríki í sömu setningu, finnst þeim ég vera með þjatt af því þetta skipti ekki raunverulegu máli heldur eigi ég frekar að lesa í það sem þau eru að meina.**

orðin forfallin áhugamanneskja um kennslu. Ég naut þess að fá góða kennslu í kennslu, þótt ég hafi aldrei lært kennslufræði. Á fyrstu önninni minni sem aðstoðarkennari í framhaldsnámi vann ég hjá prófessor sem lagði mikið upp úr samskiptum við nemendur og góðri endurgjöf. Við vorum fjögur sem unnum hjá honum og höfðum 50-80 nemendur hvert á okkar könnu. Nemendur skiluðu verkefnum og ritgerðum nær vikulega og eftir að við höfðum farið yfir verkefnið fór prófessorinn yfir vinnu okkar. Okkur var kennt að vera málefnaleg í gagnrýni og finna alltaf eitthvað til að hrósa fyrir. Þegar ég hugsaði til baka um skólagöngu mína gat ég auðveldlega fundið dæmi um kennara í Bandaríkjunum sem höfðu unnið svona, en þeir voru mun færri heima. Mun algengara var að fá endurgjöf í töluformi, einhverja punkta af tíu, og lítið sem sagði manni hvernig væri hægt að bæta frammistöðu. Það sem mér var oftast bent á að lagfæra var rithöndin.

**Að vísa veginn**


Eftir að hafa kennt í nokkur ár hérna heima sé ég sömu mál og mér fannst vera áberandi þegar ég var sjálf í skóla endurspeglast í vissum hlutum. Nemendur vita ekki endi-

lega hvað það er sem þeir vilja gera. Það virðist ekki vera mikið sem sýnir þeim hvað felst í ólíkum námsbrautum og margir prófa hitt og þetta áður en þeir finna sig. Það er í sjálfu sér ekkert að því, en ég velti samt fyrir mér hvort ekki sé hægt að búa til einhverjar tengingar á milli skólastiga til að fólk átti sig til dæmis á því hver munurinn sé á sálfræði og félagsráðgjöf, viðskiptafræði og hagfræði og þar fram eftir götunum. Þá væru nemendur kannski áhugasamari um verkefnið sem þeim eru sett fyrir og legðu meira á sig við að vinna þau vel. Enn vantar þó mikið upp á þjálfun í ritun og munnlegri tjáningu til að þeir geti komið fyrir sig orði og sett fram skoðanir sínar í ræðu og riti þegar þeir koma inn í háskólakerfið. Ég dett sjálf oft í það þegar ég fer yfir ritgerðir að leiðrétta málfar, en mér finnst hreinlega erfitt að lesa í merkingu þess sem nemendur eru að segja þegar málfarið er jafn slæmt og raun ber vitni. Þegar ég bendi nemendum á að setningin „verkefni Atlantshafsbandalagsins í öðrum ríkjum“ sé ekki merkingarbær þá skilja þau fæst hvað ég á við. Þegar ég útskýri frekar, að þar sem Atlantshafsbandalagið sé ekki ríki þá eigi ekki að tala um önnur ríki í sömu setningu, finnst þeim ég vera með þjatt af því þetta skipti ekki raunverulegu

máli heldur eigi ég frekar að lesa í það sem þau eru að meina. Minnir mig um margt á lítinn dreng sem ég passaði fyrir mörgum árum og hundskammaði mömmu sína einn daginn fyrir að hlusta ekki rétt á sig. En þá kemur það aftur á móti upp í hugann að enginn hugsar skýrar en hann talar og með því að æfa sig í að setja hugsanir sínar fram þá skýrast þær. Þannig þjálfum við nemendur okkar í að móta skoðun sína á hlutum með því að tala og skrifa um þá.

Þegar ég fór að kenna við Háskóla Íslands fékk ég tækifæri til að taka þátt í tilraunaverkefni þar sem við hittumst nokkur sem vorum að stíga okkar fyrstu skref í kennslu. Við gátum meðal annars látið taka okkur upp í kennslu og farið yfir framkomu, hegðun og stíl. Þetta er vísir að því sem ég tel að þurfi að verða í framtíðinni, að háskólakennarar læri að kenna. Við erum öll sérfræðingar í okkar fagi, vitum hvað skapar því sérstöðu og viljum gjarnan miðla því. Hins vegar förum við flest eftir tilfinningu um hvernig eigi að koma nemendum í skilning um mikilvægi þessa efnis, án þess að hafa endilega forsendur til að meta hvernig eigi að gera það. Við höfum ratað, markvisst eða fyrir tilviljun, á okkar hillu í lífinu og reynum að sannfæra nemendur okkar um að hún sé sú merkilegasta og mikilvægasta í lífinu. Með þjálfun í kennslu og kennslufræðum verðum við færari um að kenna nemendum okkar það sem máli skiptir, að hugsa gagnrýnið um viðfangsefnið og tjá sig um það.

**Silja Bára Ómarsdóttir**  
Höfundur er aðjunkt í stjórnmálafræði við HÍ og doktorsnemi í alþjóðasamskiptum við University of Southern California.



# Launaflokkar vegna prófa og leyfisbréfa – grunnskóli

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ



Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir

Í þessum pistli langar mig að vekja athygli á grein 1.3.3. í kjarasamningi grunnskólakennara. Þar er bæði komið inn nýtt orðalag og einnig eru nokkur atriði í þessari grein sem þarfnast oft útskýringa og ég ætla að minnst á sérstaklega. Þó að einingarnar séu skilgreindar hér eins og kemur fram í kjarasamningi er núorðið alltaf talað um ECTS einingar, sem stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“. Það er náms-einingakerfi sem verið er að innleiða í öllum löndum EES-svæðisins og jafngilda tvær slíkar einingar einni háskólaeiningu, þ.e. 30 eininga nám er 60 ECTS einingar.

Á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga þann 10. mars sl. var orðalagi greinar 1.3.3 breytt og er fyrsta málsgreinin nú: „Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verk-efnastjóri, sérkennari eða námsráðgjafi 15 eininga sérhæft viðbótarnám á háskólastigi eða 30 eininga framhaldsnám í fagi á háskólastigi eða leyfisbréf sem framhaldsskólakennari eða leikskólakennari hækkar röðun hans um einn launaflokk.“ Orðalagið var áður: „...leyfisbréf á báðum skólastigum“ en var breytt í „leyfisbréf sem framhaldsskólakennari eða leikskólakennari“. Þetta þýðir að hafi kennari, auk leyfisbréfs í grunnskóla, leyfisbréf í framhalds- eða leikskóla hækkar röðun hans um einn launaflokk. Fyrsta málsgrein gefur samtals einn lfl. hvort sem uppfyllt er eitt eða öll skilyrði málsgreinarinnar.

Oft er spurt um túlkun á því hvað sé 15 eininga (30 ECTS) sérhæft viðbótarnám. Undir það falla til dæmis þeir sem lokið hafa 15 eininga (30 ECTS) stjórnunarnámi, námi í upplýsingatækni, námi í uppeldis- og menntunarfræðum sem og aðrir sem lokið hafa 15 háskólaeininga námi með staðfestri viðurkenningu frá viðkomandi háskóla, þ.e. hafa lokið 15 eininga háskólanámi (30 ECTS) sem nýtist í starfi (þ.e. í námsgrein sem kennd er í grunnskóla). Hins vegar má safna saman 30 einingunum (60 ECTS) með mörgum námsáföngum sem gefa háskólaeiningar samkvæmt niðurstöðu samstarfsnefndar FG og LN 21. apríl 2001.

Önnur og þriðja málsgrein 1.3.3. haldast óbreyttar en þar segir: „Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verk-efnastjóri, sérkennari eða námsráðgjafi tvöfalt Bed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um tvo launaflokka. Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða námsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um þrjá launaflokka.“ Með tvöföldu kennara-

**Þegar grunnskólakennari leggur fram gögn sem sýna að hann hafi lokið framhaldsnámi ber launagreiðanda að leiðrétta laun hans í samræmi við ákvæði greinar 1.3.3. mánaðamótin eftir að hann hefur lagt fram gögnin.**

prófi er átt við að viðkomandi hafi lokið tveimur prófum sem veita kennsluréttindi, eldra kennaraprófi eða Bed prófi og prófi í kennslugrein. Hafi grunnskólakennari fengið launaflokk vegna viðbótarnáms skv. fyrstu málsgrein fyrir nám sem er hluti af MA/MS prófi eða öðru Bed/BA/BS prófi fellur hann niður þegar viðkomandi fær tvo launaflokka vegna annarrar málsgreinar. Hafi grunnskólakennari fengið viðbótarlaunaflokk vegna leyfisbréfa á báðum skólastigum heldur hann honum þegar hann fær launaflokka vegna annarrar málsgreinar. Önnur málsgrein gefur tvo lfl. og þriðja málsgrein þrjá lfl. en samtals getur grein 1.3.3. gefið mest sex launaflokka.

Þegar grunnskólakennari leggur fram gögn sem sýna að hann hafi lokið framhaldsnámi ber launagreiðanda að leiðrétta laun hans í samræmi við ákvæði greinar 1.3.3. mánaðamótin eftir að hann hefur lagt fram gögnin.

Ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta eða annað er ykkur velkomið að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið [ingibjorg@ki.is](mailto:ingibjorg@ki.is). Í lokin langar mig að óska ykkur gleðilegs sumars og vona að þið njótið sumarorlofsins sem bíður okkar rétt handan við hornið.

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ

## Við erum klár

### fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matedölinum hjá okkur

Rubin

Heitur staður fyrir alla viðburði!



Nánari upplýsingar? Hringdu í 617 1111 eða sendu email til [rubin@rubin.is](mailto:rubin@rubin.is)

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool  
leiktæki  
diskókeila  
karoke  
golfhermír  
beinar útsendingar  
hádegismatur  
kvöldmatur

gæspartý  
einkasamkvæmi  
barnuafmæli  
fyrirtækjapartý  
steggjapartý  
skólahópar



KEILUHÖLLIN  
HEILL HEIMUR  
AF SKEMMTUN



Football Cafe



Rubin  
www.rubin.is

Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • [www.keiluhollin.is](http://www.keiluhollin.is) • [www.rubin.is](http://www.rubin.is)

# Áhersluatriði KÍ vegna efnahagsástandsins

**Þessar áherslur eru veganesti Kennarasambandsins í samflotinu og hafa verið lagðar fram þar og fylgt eftir af okkar fólki:**

Kennarasamband Íslands leggur áherslu á fagleg vinnubrögð og rétta forgangsröðun í öllum aðgerðum sem gripið verður til vegna þess efnahagsvanda sem þjóðin glímir við. Það er aldrei mikilvægara en nú að halda uppi öfluglu skólastarfi í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum landsins. Við erum öll ábyrg fyrir menntun og velferð barna okkar.

## Látum ekki börnin borga brúsan

Framtíð ungmenna byggir á menntuninni sem þau hljóta í æsku og glötuð tækifæri verða ekki bætt upp síðar. Sérfræðingar í efnahagsmálum benda á að niðurskurður fjárveitinga til skólastarfs og menntunar er ekki vænleg leið út úr kreppunni.

## Stöndum vörð um skólastarf og menntun, hugsum til framtíðar

Það þarf að forgangsráða í þágu menntunar, hugsa til framtíðar og hafa fagmennsku að leiðarljósi. KÍ mun leggja gegn hverskyns hugmyndum um að skerða þjónustu í skólum. **Slíkt bitnar verst á þeim sem mest þurfa á öfluglu skólastarfi og stoðþjónustu að halda.** Menntun er æviverk. Það er jafnmikilvægt að hugsa um það í starfsemi leikskóla eins og í fullorðinsfræðslu. Þegar kreppir að á vinnumarkaði þarf að vera hægt að opna dyr til frekari menntunar og þjálfunar fyrir þá sem eru tímabundið án atvinnu.

Ríki og sveitarfélög þurfa að vinna saman að heildaráætlun um skólastarf og menntun



Menntun er æviverk og glötuð tækifæri verða ekki bætt upp síðar.

til langs tíma með það að markmiði að verja velferð barna og ungmenna.

## Virða ber umboð og hlutverk stéttarfélag

Samningsrétturinn er sá grunnur sem stéttarfélög byggja starfsemi sína á. Mikilvægt er að vinnuveitendur virði þennan rétt og beiti ekki þvingandi aðgerðum í því skyni að fá fólk til að fallast á skerðingu launa. Friðarskyldu ber að virða, sem og taxtalaunakerfið, enda eru taxtalaun varin með lögum. Nauðsynlegt er að virkt samráð sé haft við stéttarfélög og samningsaðilum ber að virða hlutverk og umboð hvor annars.

## Verjum heimilin og velferðarkerfið

Gjaldþrot heimila er undanfari mikilla vandræða og þeim fylgir víthringur. Hafa ber í huga að allar aðgerðir sem rýra tekjur heimilanna fjölga þeim sem geta ekki staðið í skilum. Því ber að leita allra leiða til þess að kippa ekki fótunum undan fólki og fjölga með því í hópi þeirra sem geta ekki staðið við fjár-

hagslegar skuldbindingar sínar. Réttur til allrar grunnþjónustu verður að vera óháður efnahag og bætur úr almannatryggingum þurfa að tryggja lágmarks framfærslu. Mikilvægt er að vinna að fjölgun starfa og tryggja með því að langtímaatvinnuleysi festist ekki í sessi með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem því fylgja. Við uppbyggingu í atvinnulífinu ber að hafa jafnrétti kynjanna að leiðarljósi.

## Tryggjum réttlátt skattkerfi og gerum greinarmun á niðurskurði og hagræðingu

Ef til skattahækkana kemur er mikilvægt að skattar séu lagðir á í samræmi við tekjur þannig að allir leggi á móta mikið, hlutfallslega, til samfélagsins. Óeðlilegt er að grípa til niðurskurðar ef tekjustofnar eru ekki nýttir að fullu. Ef skorið er niður skal tilgreina hvaða þjónustu á að skerða en ekki dulbúa hlutina og setja þá fram í nafni hagræðingar.

## Ákall erlendra sérfræðinga um að Ísland viðurkenni mikilvægi menntunar

Sjaldgæft er að heyra talað jafn tæpitungulaust hjá stjórnskipaðri nefnd og nýverið þegar alþjóðleg nefnd kallaði eftir aðgerðum og því að öll ráðuneyti og stjórn málaflakkar forgangsröðuðu í þágu menntunar. Ef niðurstöður nefndarinnar verða ekki til þess að fólk átti sig á alvöru málsins þá er varla nokkur leið til að opna augu ráðamanna. Skýrslan er frá ráðgjafahópi sem var skipaður til að veita stjórnvöldum ráð um viðbrögð á sviði mennta- og vísindamála í þeirri nefnd sátu háttsettir sérfræðingar frá OECD, fyrrverandi ráðuneytisstjóri finnska menntamálaráðuneytisins og fyrrverandi dóms- og menntamálaráðherra Finnlands. Þessi skýrsla er kölluð *Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun: Ný leið fyrir Ísland* og þar koma fram afgerandi ítarlegar athugasemdir og tillögur með meginþunga á háskóla, vísindastarf og nýsköpun eins og lagt var upp með en einnig er fjallað um menntamál þjóðarinnar í heildrænu samhengi. Nefndin ráðleggur meðal annars eftirfarandi: „**Viðhaldið fjárfestingum í menntun.** 1. Menntun og þjálfun eiga að vera ofarlega í forgangsröðun stjórnvalda og ekki bara í höndum embættismanna. Athafnir þurfa að fylgja orðagjálfrí stjórnmalanna. Þetta er ákall um að mikilvægi þessa sviðs fyrir framtíð Íslands verði viðurkennt, og að viðurkennt verði að niðurskurður á þessu sviði geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir framtíð Íslands. Menntun og þjálfun þurfa að vera ofarlega í forgangsröðun allra ráðuneyta og allra stjórn málaflakka.“

## „Fight the Crisis - Put People first“

Margháttuð umræða og vinna fer nú fram á vegum Evrópusamtaka stéttarfélag og bandalaga þeirra (ETUC) og öflug sértækari umræða um að verja skólastarf og menntakerfi í kreppunni á vegum kennaraarms samtakanna (ETUCE) undir ofangreindu kjörorði. Aðgerðir voru í nokkrum evrópskum stórborgum dagana 14-16. maí og var þar m.a. lögð áhersla á að verja velferðarkerfið og varað við vanhugsuðum og á endanum skaðlegum og óhagkvæmum niðurskurði, t.d. í félagslegri þjónustu og í skólastarfi og menntun. Bréf stjórnar norrænu kennarasamtakanna NLS til ríkisstjórna á Norðurlöndum er náskyli þessari hreyfingu og baráttu en það geta lesendur Skólavörðunnar lesið á [www.ki.is](http://www.ki.is) ásamt nýlegum fundargerðum úr erlendu samstarfi og fleiri upplýsingum af þeim vettvangi.



A HAPPY  
ENDING  
EACH DAY



ONE STOP SHOP  
13 HOTELS AROUND ICELAND

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjar  
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri  
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Make your order on [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is) or by telephone (+354) 444 4000

„Hvað sem á hefur dunið í hruninu megum við ekki flytja reiði né sorg til næstu kynslóðar. Þær tilfinningar má nota til góðra verka. Ef við getum tryggt að börn búi ekki við skort né ranglæti breytir það líðan okkar. Börn eiga að búa við ástúð, aga og öryggi. Vinna á jákvæðum nótum hjálpar öllum.“

Ingólfur S. Sveinsson geðlæknir og Kristján G. Guðmundsson heilsugæslulæknir í Morgunblaðinu 3. júní 2009.

## Baujan, sjálfstyrking... hvað er það?



Ljósmynd frá höfundri

Guðbjörg Thoroddsen á sér þá hugsjón að Baujan breiðist út, heimshorna á milli, svo allir geti nýtt sér þessa einföldu og auðveldu aðferð til sjálfstyrkingar.

**Guðbjörg Thoroddsen leikari og kennari hefur þróað sjálfstyrkingaraðferðina Baujuna sem hentar bæði nemendum og kennurum og kennt hana bæði hérlendis og í Afríku. Ég spyr Guðbjörgu, eða Bauju eins og hún er alltaf kölluð, hvað nafna hennar *Baujan* geri fyrir fólk og í hverju hún felist.**

„Baujan er sjálfstyrking sem byggð er á tilfinningavinnu og slökunaröndun,“ segir Guðbjörg. „Hún er fljótverk, árangursrík og umfram allt auðveld aðferð í sjálfstyrkingu þar sem tilfinningavinna er alltaf tengd öndun okkar. Stóri lykillinn er að komast niður í maga, ná í slökun, vinna vel úr erfiðum tilfinningum og síðan eru fimm lítil „leynitrix“. Meðvituð öndun er grunnurinn að sjálfuppbyggingu og Baujan er því auðveld og aðgengileg leið til að byggja okkur upp ef við verðum fyrir áföllum. Ég varð gáttuð þegar ég áttaði mig á að ég hefði rambað á svona góða og auðvelða aðferð og mér finnst að við ættum öll að læra hana í bernsku. Það er mín hugsjón að sem flestir læri Baujuna, hún er sjálfsgöð og eðlileg og lækningamáttur líkamans.“

Guðbjörg gengur út frá því í aðferð sinni að mannfólki sé gott, kærleikurinn grundvöllur alls og að öllum sé eðlilegt að leita vellíðunar og hamingju. „Kærleikur og allar góðar tilfinningar koma frá slökunaröndun, frá maganum, og þangað sækjum við líka okkar innri styrk,“ segir Guðbjörg. „Baujan er sjálfstyrking sem byggist á kærleikanum og hann er líka okkar mesti styrkur. Ofbeldi getur aldrei verið styrkur. Ástæða þess að Baujan er öflug aðferð er meðal annars vegna þess að hún er sjálfsvinna. Alla þyrstir

í vellíðan og allir hafa áhuga á sjálfum sér. Með Baujunni þóknumst við ekki einum eða neinum nema sjálfum okkur. Það er stórkostlegur hæfileiki að geta haft stjórn á líðan sinni en vera ekki rekald sem sveiflast til og frá með tilfinningum.

Í Baujunni er kafað undir yfirborðið og farið í kjarnann sjálfan, grunninn sem þarf að byggja á til að öðlast gott sjálföryggi. Baujan er góð fyrir fólk sem þarf að byggja sig upp og ætlar sér að öðlast aukið sjálföryggi eða til að öðlast þá innsýn að hver og einn eigi möguleika á að stjórna líðan sinni. Ég hef nú þegar kennt aðferðina þúsundum manna, börnum og fullorðnum, bæði hér á Íslandi og líka í Afríku.“

### Hvernig hefur Baujan reynst í starfi með börnum og unglíngum?

„Baujan hefur verið kennd í nokkrum grunnskólum í Reykjavík síðan árið 2000 og komið mjög vel út,“ segir Guðbjörg „og námsráðgjafar báðu mig fljótlega um að kenna sér aðferðina og búa til leiðbeinendanámskeið svo að þeir gætu kennt sínum skjólstæðingum hana. Þau fóru svo í gang árið 2003 og hefur fjöldi fagfólks sótt þau, til dæmis um hundrað námsráðgjafar auk annarra. Einnig hefur ófaglært fólk komið og lært aðferðina til að geta kennt hana öðrum. Hún kemur vel út fyrir alla aldurshópa en hver og einn kemst þangað sem þroski hans og aðstæður leyfa.

Baujan hefur reynst vel til hjálpar þolendum og gerendum eineltis og annars ofbeldis og ég hef verið um nokkurt skeið í samvinnu við Regnbogabörn. Þar er ég bæði með einstaklingshjálp og hópinnu.

Baujan, sjálfshjálparbók þar sem þrepunum sex er fylgt fæst í bóka-búðum og hjá höfundu. Hún er einnig til sem hljóðbók. Á næstunni kemur hún út á ensku og verður til sölu í netbókaverslunum á alþjóðavísu.

Sjá nánar á [www.baujan.is](http://www.baujan.is)

Yfirleitt vinn ég með þolendum ofbeldis en gerendur þurfa ekki síður hjálp. Fólk er fljótt að tileinka sér aðferðina, hún er byggð upp á sex þrepum og við tökum eitt þrep á viku, það er um einnar klukkustundar vinna. Í vinnu minni með Baujuna horfi ég upp á kraftaverk á hverjum degi. Í dag var að útskrifast hjá mér mjög brotin stúlka sem hefur lent í miklum áföllum og einelti. Hún var á góðri leið með að verða að kvíða- og þunglyndissjúklingi. En það á sem betur fer ekki fyrir henni að liggja, hún er núna alsæl og mamma hennar að vonum líka. Sjálfstraust er undirstaða alls í lífinu.“

keg

# Samtök fámennra skóla lögð niður

## á tuttugu ára afmælisfundi í Stórutjarnaskóla

Á tuttugu ára afmæli Samtaka fámennra skóla þann 9. maí sl. var ákveðið að leggja samtökin niður. Um tuttugu manns víðs vegar af landinu mættu á afmælisstefnu, ársþing og aðalfund SFS í Stórutjarnaskóla þar sem Ólafur Arngrímsson skólastjóri og samstarfsfólk hans tóku vel á móti fólki með góðum viðurgerningi í ægifygru umhverfi. Fluttir voru fyrirlestrar um skólamál í fámennum byggðum og að því loknu hófst aðalfundur en fyrir honum lá meðal annars stjórnartillaga um að leggja samtökin niður.

Skemmst er frá að segja að tillagan var samþykkt en jafnframt lét fólk í ljós þá von að þörfin fyrir samtök af þessu tæi kæmi ef til vill í ljós þegar þeirra nyti ekki lengur við og í árferði þegar fólk þjappar sér saman í hugsjóna- og hagsmunatengdum samtökum.

„Samtökin hafa aldrei tekið sig neitt sérstaklega hátíðlega,“ sagði Ólafur Arngrímsson meðal annars í setningarorðum og afmælisávarpi og tilkynnti svo að á eftir fræðsluerindum yrði haldin líkræða. „Það hefur tekist illa að endurnýja í SFS og ungt fólk hefur ekki sóst eftir að ná völdum í þessum félagsskap,“ sagði Ólafur ennfremur. Í spjalli við hann og aðra fundarmenn varð blaðamaður þess áskynja að talsverð eftirsjá væri að félaginu en jafnframt að vonir stæðu til að aðrir tækju upp þráðinn og stofnuðu á nýjan leik til samstarfs fámennra skóla á öllum skólastigum, ef til vill svæðisbundinnar samvinnu þar sem ferðalög landshorna á milli torvelduðu nokkuð samstarf af þessum toga.

Yfirskrift ársþings SFS var „Menntun á tímum uppgjors og endurnýjunar: Samtök



Ljósmyndir: keg

### Gildismat síðustu ára hefur leitt okkur í ógöngur og borgríkið hefur blásið út í stað þess að atvinna flytjist út í byggðir. Landið hefur verið óþarft.

fámennra skóla 20 ára.“ Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga reið á vaðið með erindi sitt „Byggðir og bú. Um stoðkerfi menntunar í dreifbýli.“ „Við erum með stórt starfssvæði,“ sagði Óli um þekkingarsetrið og ekki að ósekju: „Það er rúmlega 300 kílómetra akstursleið en á svæðinu búa einungis um fimm þúsund manns. Stærsta starfsstöðin er á Húsvík og aðrar stöðvar eru ekki mannaðar en þar er aðstaða í námsverum og einnig er tengiliður á hverjum stað.“ Að sögn Óla þarf að spyrja tveggja lykilspurninga í tengslum við menntun þjóðarinnar, annars vegar hvernig menntakerfi viljum við og hins vegar hvernig fáum við það? „Við þurfum að huga að grunnforsendum áður en þessum spurningum er svarað um hvernig þjóðfélagsgerð við viljum og þurfum. Hvernig ætlum við að búa í þessu landi? Við eignum að þjónusta fólkið en fólkið á ekki að þjónusta kerfið. Við viljum væntanlega hámarka velsæld og þjóðarhag og til að nálgast þá sýn höfum við þrennt: Mannauð, náttúru og aðrar auðlindir. Gildismat síðustu ára hefur leitt okkur í ógöngur og borgríkið hefur blásið út í stað þess að atvinna flytjist út í byggðir. Landið hefur verið óþarft. Nú er hugsanlega mikil viðhorfsbreyting í aðsigi. Höfum við efni á að mennta ekki Tryggva í Svartárkoti?“ spurði Óli og vísaði þar í léttum dúr til gagnmerks Bárðdælings sem áður hafði verið getið að góðu á þinginu. Óli

fjallaði einnig, auk annars, um rekstur lítilla eininga og sagði að við þyrftum að setta okkur við slíkan rekstur hérlendis.

„Við þurfum að finna leiðir til að gera vel faglega en á annan hátt en með stærðinni,“ sagði Óli og Rúnar Sigbórsson dósent við Háskólann á Akureyri reri að sumu leyti á sömu mið og tók upp þráðinn frá Óla í erindi sínu „Það þarf þorp til að mennta barn – og barn til að mennta þorp.“ „Litlar einingar eru faglega lífvænlegar,“ fullyrfti Rúnar. „Menntun og samfélag hafa gagnkvæmar skyldur og hlutverk, annað er óhugsandi án hins. Menntun er óhugsandi nema í samfélagi og samfélag er óhugsandi án skólastarfs. Þessi augljósa staðreynd skiptir fámenn samfélög máli umfram önnur vegna þess að skorið hefur verið á þessi gagnkvæmu tengsl og sum samfélög eiga ekki lengur skóla.“ Rúnar sagðist nota hugtakið *menntun* í þeim skilningi að verða *meira maður* (ekki meiri maður). „Menntun styrkir þekkingu og siðvit og stuðlar að lífsfyllingu. Það er lítils virði að verða fróður og fær ef það er ekki notað til góðs eins og Páll Skúlason talaði fyrir á stórgóðri sjöundu öskudagsráðstefnunni í Reykjavík. Skólinn á að vera leiðarljós en ekki einvörðungu endurspeglar för samfélagsins. Enginn skóli er eyland heldur á sér rætur í samfélaginu en við verðum að horfa bæði aftur og fram og eignum að mennta fólk sem ræður við framtíðina. Skólar eiga að vera stofnanir



þar sem *allir* læra. Menntun, að verða meira að manni, sækja nemendur í skóla en líka víðar, svo sem til heimilanna, í félags- og æskulýðsstarf, fjölmiðla og svo framvegis. Við verðum að styrkja samfélagslega innviði til að gera okkur kleift að ala upp og annast hvert annað. Þetta er mikilvægt á öllum tímum og ekki síst núna. Hverju samfélagi er mikilvægt að hafa eitthvað til að sameinast um og mörk samfélaga breytast ekki við að breyta mörkum samfélaga! Það er að segja: Þótt sveitarfélögum hafi fækkað er ekki þar með sagt að samfélögum fækki. Kjarninn í að vera persóna felur í sér tengsl og samfélag.“

Ævar Kjartansson útvarpsmaður tók undir með Rúnari í erindi sínu „*Hvað finnst mér eða hvað finnst ykkur að mér eigi að finnast? Um sjálfstæða hugsun og búsetu.*“ Hann sagði umræðu um byggðamál vera þá „alverstu sem til er. Hún fer út um víðan völl og er fullkomlega ómálefnaleg.“ Ævar sagðist ætla að leyfa sér að tala fullkomlega óábyrgt og hélt því fram að ýmsir snöggoðnir fulltrúar landsbyggðarinnar væru henni ekki endilega alltaf til framdráttar eða kæmu málefnum hennar til skila. „Umræða okkar um búsetu í þessu landi er iðulega í baksýnispeglinum, við tölum um sveitina í þátt. Það er kannski ekkert skrítið, menn hafa ræktað sérvisku sína í sveitum og rannsóknir á byggðapróun sýna að almennt er sveitavargurinn þröngsýnn. Það er því vandmeðfarið að tala um sérvitringa í sveitum og sjálfstæða hugsun, þetta er orðin hálfgerð klisja. Og þær eru fleiri klisjurnar og alltaf jafngaman þegar menn ögra viðtekinni hugsun eins og sveitarstjórnir á Höfn sem sagði: *Við stefnum ekki að því að fjölga íbúum á Höfn.* Ég hef sjaldan orðið „hissari“. Svo bætti hann við: *Við stefnum að því að skapa betra samfélag.*“

**Menntun er óhugsandi nema í samfélagi og samfélag er óhugsandi án skólastarfs. Þessi augljósa staðreynd skiptir fámenn samfélög máli umfram önnur.**

**Svo fór ég að kenna í grunnskóla Fjallahrepps, þar voru fimm nemendur og tveir þeirra mín eigin börn. Ég spurði sjálfan mig að þessu: Hvernig get ég búið þessa nemendur undir lífið? Hvaða líf? Hvar?**

Ævar sagði frá því þegar hann kenndi sjálfur í grunnskóla um hríð fyrir margt löngu. „Ég er frá Grímsstöðum á Fjöllum og það var heilmikið átak fyrir mig að flytja í stærra samfélag. Svo fór ég að kenna í grunnskóla Fjallahrepps, þar voru fimm nemendur og tveir þeirra mín eigin börn. Ég spurði sjálfan mig að þessu: Hvernig get ég búið þessa nemendur undir lífið? Hvaða líf? Hvar? Það sem hefði virkað best fyrir mig hefði verið að hafa mjög litla samfélagstengingu. Bara mjög klassíska hluti. Ég fékk góða menntun, kennari minn var Snæbjörn Pétursson, Mývetningur og þar með snillingur. Snæbjörn var barnslega fróðleiksfús, ófíti og fullkomlega ópraktískur. Hann hafði enga hugmynd um nútímalegt Ísland. Ég flaugst á við hann í frímínútum, svo voru þær búnar og þá var ekki slegist meir. Þetta var allt mjög gagnsætt og einfalt. Ég held að best

sé ef til vill fyrir nemendur í fámennum byggðarlögum að við leitumst hvorki við að gera þau að malbiksrottum né heimtum af þeim að þau sitji heima alla tíð. Við verðum að viðurkenna breytingar, vera fær um að ræða þær og taka þátt í þeim. Víða til sveita er mikil „traffic“ á kennurum og það er gott, þá fá nemendur að kynnast fjölbreytileikanum. Sjálfstæða hugsun er nátengd sjálfstrausti og ef menn eru menntaðir í þá veru að launavinna í velmegunarsamfélagi sé eini lífsstíllinn sem til greina kemur er hætt við því lykti svo að við viljum öll stóriðju.“

keg

**Vefur Samtaka fámennra skóla er enn til og þar er margt bitastætt. Hann er hýstur hér:**

[www.ismennt.is/vefir/sfs/](http://www.ismennt.is/vefir/sfs/)

Þann 12.júní 2009  
flytjum við verslun okkar  
í stærra og betra húsnæði  
að Laugavegi 25!

Verið velkomin!

Frábær  
opnunar-  
tilboð!

**JANUS** | **Janusbúðin**

Laugavegur 25, 101 Reykjavík & Hálsástræti 195-191, 100 Akureyri  
s. 552-7199, fax. 562-7199 s. 961-0006, fax. 101-0007

[www.janusbudin.is](http://www.janusbudin.is)



## Námskeið á vegum Uppbyggingar sjálfsga, fyrir kennara og aðra sem starfa með börnum og unglingum.

### Á Norðurlandi

Uppbygging II (Restitution II) haldið í Brekkuskóla á Akureyri dagana 13. og 14. ágúst frá klukkan 9:00 – 16:00 báða dagana. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Joel Shimoji frá Kanada. Joel kennir á unglingastigi og hefur mikla reynslu í að miðla aðferðum sínum við að kenna nemendum ábyrga hegðun. Verð: 12 000 krónur, matur og kaffi innifalið.

### Í Reykjavík

Námskeið í Ingunnarskóla laugardaginn 15. ágúst frá klukkan 9:00 – 16:00. Þetta námskeið er sérstaklega ætlað kennurum eldri nemenda. Leiðbeinandi er Joel Shimoji frá Kanada. Verð: 10.000 krónur, matur og kaffi innifalið.

Tekið er við skráningu á námskeiðin á netfangið [jonabene@gmail.com](mailto:jonabene@gmail.com)

Með skráningu þarf að fylgja: fullt nafn, kennitala, netfang og upplýsingar um greiðanda námskeiðisgjaldsins (kennitala og heimilisfang) ef stofnun greiðir.

## MEISTARANÁM VIÐ KENNSLUFRÆÐI OG LÝÐHEILSUDEILD HR

### MPH (MASTER OF PUBLIC HEALTH)

Meistaránám í lýðheilsufræðum

MPH (Master of Public Health) er nám í kenningum og aðferðum lýðheilsufræða. Námið er fyrir fólk sem vill auka skilning sinn og færni í lýðheilsustarfi með einstaklingum og hópum, innanlands og erlendis. Útskrifaðir nemendur með MPH-gráðu öðlast færni og þekkingu til að vinna að rannsóknum, stjórnun og skipulagi og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu. Starfsetvangur lýðheilsufræðinga er fjölbreyttur, innan sveitarstjórna, í heilbrigðis- og félagsþjónustu, skólum, fyrirtækjum og í frjálsum félagasamtökum.

### MED (MASTER OF EDUCATION)

Meistaránám í lýðheilsu- og kennslufræðum

MED í lýðheilsu- og kennslufræðum er tveggja ára meistaránám. Markmiðið er að mennta kennara með fagþekkingu í lýðheilsufræði og kennslufræði. Lykilatriði eru sjálfsöryggi, virðing fyrir nemendum, færni í mannlegum samskiptum, árangursríkir kennsluhættir, lausnamiðuð leikni og fagleg þekking.

### DIPLÓMANÁM Í KENNSLUFRÆÐUM

Nemendur sem lokið hafa BA/BSc-námi geta tekið 60 ECTS í kennslufræðum til að öðlast kennsluréttindi og ljúka þá diplómagráðu. Nemendur með meistaragráðu þurfa að taka 30 ECTS í kennslufræði til að öðlast kennsluréttindi.

# Allt á fullu hjá Námsgagnastofnun

Nýtt og væntanlegt efni í íslensku fyrir yngsta stig grunnskóla

Námsgagnastofnun lætur ekki deigan síga og bryddar sífellt upp á nýjungum, nú er það til dæmis nýtt vefborg fyrir kennara með stafrænu námsefni í íslensku á yngsta stigi. Hér er sagt frá þessari nýjung og fleira nýju námsefni í íslensku fyrir þau yngstu í grunnskólanum

**Íslenska í 1. og 2. bekk - handbók kennara**  
Handbók, einkum ætluð kennurum í 1. og 2. bekk grunnskóla en nýtist einnig kennararnemum, foreldrum og öðrum þeim sem láta sig máluppeldi barna varða. Bókin er unnin í anda aðalnámskrár frá 2007 þar sem markmiðum er skipað í fjóra flokka: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Heildstæð nálgun í íslenskukennslu er rauði þráðurinn hjá öllum höfundum bókar innar sem þekkja vel nýjustu stefnur og strauma í móðurmálsnámi. Höfundar eru menntaverðlaunahafar og fleiri frábærar skólakonur: Arnheiður Borg, Halldóra Haraldsdóttir, Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Kristín Gísladóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Rannveig Löve, Rósa Eggertsdóttir, Sif Stefánsdóttir, Sigríður Heiða Bragadóttir, Sigrún Löve og Þóra Kristinsdóttir. Í bókinni er fjallað um aðferðir og bent á viðfangsefni sem m.a. má sækja á vefsíðuna.

## Íslenska á yngsta stigi – vefefni

Nauðsynleg handbók fyrir kennara í yngstu bekkjum grunnskólans.

## Íslenska á yngsta stigi – vefborg

Nýtt vefborg, ætlað til að auðvelda kennurum og öðrum uppalendum að fá yfirlit yfir stafrænt námsefni í íslensku í 1. til 4. bekk grunnskóla. Hér má bæði finna kennsluhugmyndir og nemendaeefni, t.d. viðbótarefni sem fylgir útgefnu efni og prenta má út eftir þörfum. Verkefni sem bent er á í nýrri handbók kennara eru á þessum vef, sjá [www.nams.is](http://www.nams.is)



## Lesum og skoðum orð

Gagnvirkur vefur sem miðast við að mæta áherslum í heildstæðri móðurmálskennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans. Möguleikar eru á fjölbreyttri og skapandi vinnu. Vefurinn nýtist bæði í samkennslu, með skjávarpa eða rafrænni töflu, og við sjálfstæða vinnu nemenda.

Velja má á milli ellefu bóka í Smábókaflokki Námsgagnastofnunar og sex mismunandi leiða til að fást við texta bókana á ýmsa vegu, svo sem að:

- Varpa texta á skjá til að lesa saman og ræða um.
- Hlusta á texta upplesinn. Nýtist þeim sem eiga erfitt með lestur en einnig öðrum sem fyrirmynd að góðum upplestri.

- Skoða ritmálið skipulega, þ.e. einstaka bókstafi, orðhluta og orð, semja og skrifa stutta texta o.fl.

Kennsluáþendingar um notkun vefjarins fylgja, sjá [www.nams.is](http://www.nams.is)

## Bókakista

Fjölbreytt viðfangsefni í íslensku ætluð til notkunar í 1. til 4. bekk grunnskóla eru væntanleg í sumar. Þau skiptast í sextán vinnuspjöld en hverju spjaldi fylgja tvö vinnublöð á tveimur þyngdarstigum. Vinnuspjöldunum er komið fyrir í plastvasa, vinnublöðin eru á vef til að prenta út. Efninu er ætlað að efla lestraráhuga og sjálfstæðan lestur nemenda en það má nota með þeim bókum sem kennarinn ákveður að hafa í bókakistunni hverju sinni.

## Joel Shimnoji til landsins

Félagið Uppeldi til ábyrgðar mun standa fyrir Restitution II námskeiðum dagana 13. – 16. ágúst. Námskeiðin verða bæði Akureyri og í Reykjavík. Leiðbeinandi á námskeiðunum verður Joel Shimnoji frá Kanada. Joel er stærðfræðikennari og kennir á unglingsstigi, frekari upplýsingar um hann má finna á slóðinni [www.realrestitution.com/](http://www.realrestitution.com/).

Nánari auglýsingar um námskeiðin og upplýsingar um verð og skráningu eru hér í Skólavörðunni og einnig sendar í tölvupósti til félagsmanna.



Hópferðamiðstöðin Vesttravel

**ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!**

Hesthálsi 10, 110 Reykjavík og Hafnarstræti 77, 600 Akureyri  
[www.trex.is](http://www.trex.is) - [info@trex.is](mailto:info@trex.is) - Sími 587 6000



Elna Katrín Jónsdóttir

Menn eru slegnir yfir þeim ósköpum sem yfir okkur hafa dunið og við lendum í nokkurs konar meðvirkri umræðu um að auðvitað þurfi að skera niður alls staðar. Þessi hugsun er hættuleg.

## Okkar hlutverk að vera á vaktinni

Heildstæða, sameiginlega áætlun ríkis og sveitarfélaga um skólamála vantar

„Á sameiginlegum ársfundi KÍ og aðalfundi skólamálaráðs í mars ræddum við hvernig við stillum okkur upp til varnar skólastarfi og menntun,“ segir Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ og formaður skólamálaráðs en drjúgum hluta fundarins var varið í erindi og umræður um menntun á krepputímum.

„Menn eru slegnir yfir þeim ósköpum sem yfir okkur hafa dunið og við lendum í nokkurs konar meðvirkri umræðu um að auðvitað þurfi að skera niður alls staðar. Þessi hugsun er hættuleg. Það er skylda Kennarasambandsins að benda á að það skiptir öllu máli fyrir þessa þjóð að halda áfram að efla sig í skóla- og menntamála, bæði út frá sjónarhorni menntunar og velferðar. Það þarf að hækka menntunarstig þjóðarinnar og við berum líka ábyrgð á skól- anum sem félagslegri lykilstofnun. Það er okkar hlutverk í Kennarasambandinu að vera á vaktinni fyrir skóla og nemendur.“

### Kennarar standa ekki hjá og horfa á skólastarf skorið niður við trog

Skólastjórnendur og kennarar eru að sögn Elnu vel til þess að fallnir að ráða ráðamönnum heilt um hvernig því fé sem úr er að spila verði best varið. „En að sama skapi mun þessi fagstétt ekki standa hjá og horfa á skólastarf og menntun skorin niður við trog,“ segir hún. „Það er áhyggjuefni að þó að umræða um menntamál og skólamála hafi glæðst á undanförunum árum og enginn sé maður með mönnum í pólitík nema vera sæmilega viðræðuhæfur um skólamála þá erum við merkilega lítið uppnæm fyrir niðurskurði og samdrætti í skólastarfi og þjónustu við skólabörn.

Orðið forgangsröðun er orðið óskaplega slitið og næstum því klisja. En ég er þeirrar

skoðunar að við höfum ekki ennþá náð að sameinast um að forgangsraða í þágu skólastarfs í landinu. Í sveitarfélögum hingað og þangað um landið er skorin niður marg- vísleg þjónusta í leik- og grunnskólum. Þrátt fyrir þetta sjást engin merki þess að ríki og sveitarfélög hafi búið sameiginlega til áætlun um hvernig eigi að halda skólastarfi og menntun í ásættanlegu horfi í kreppunni.

Þegar grunnskólinn var fluttur til sveitar- félaganna fyrir rúmum áratug þá fylgdi honum ekki nægilegt fé. Síðan höfum við upplifað bullandi góðæri en það var lítið nýtt til að bæta þannig í að sveitarfélögin gætu rekið grunnskóla með þeim myndarbrag sem þau örugglega vilja og sækjast eftir að gera. Það má vafalítið benda á svipað um leikskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla en um síðasttalda skólastigið höfum við mjög gott yfirlit um hvernig fjárveitingum hefur verið háttað. Aukin velmegun og góðæri hefur semsagt ekki verið nýtt til að færa skólastarf og menntun til þess vegar sem við viljum sem samfélag og lög gera ráð fyrir.

### Nú þurfa nemendur enn meira á skólanum sínum að halda

Ég held að fólk á Íslandi hafi mjög sterkar taugar til skóla og vilji að öll börn og ung- menni njóti eins góðra skilyrða í námi og nokkur kostur er. Það er nýlega búið að endurnýja lög um öll skólastigin og um

kennaramenntun og í þeim er sterkur og frekar metnaðarfullur samhljómur um að setja nemandann í forgrunn. Þó að við í Kennarasambandinu hefðum gjarnan viljað að fleiri mál yrðu leidd til lykta í þessum lögum, til hagsbóta fyrir nemendur, og að tekin yrðu lokaskref til jafnréttis til náms þá verður ekki annað sagt en að menn ætluðu sér áfram.

En við söfnuðum ekki til möguru árána og rýmkuðum því ekki skilyrði skóla til að halda uppi öfluggu starfi. Þegar kreppan skall á var af litlu að taka. Því miður bitnar sam- dráttur alltaf þyngst á þeim sem síst mega við því, börnum með ýmislegar sérþarfir og nemendum almennt sem þurfa verulega á stoðþjónustu skóla að halda. Það bitnar líka á öllum nemendum þegar dregið er úr vali í námi, námshópar stækka og starfsskilyrði nemenda og kennara verða almennt lakari. Þetta kemur langsamlega verst niður á börnum sem síst mega við því og það er ástæða til að vekja sérstaklega máls á því að börn foreldra sem standa höllum fæti félagslega eða eru atvinnulausir þurfa enn meira á skólanum sínum að halda. Hann er haldreipi fjölskyldunnar.

### Verðum að vita hvar vandinn er mestur

Kennarasambandið starfar á landsvísu og reynir að hafa yfirlit málefni. Hingað til hefur þó ekki fengist yfirsýn yfir þær aðgerðir sem sveitarfélögin grípa til. Um þau efni er vísað

Í sveitarfélögum er skorin niður þjónusta í leik- og grunnskólum. Þrátt fyrir þetta sjást engin merki þess að ríki og sveitarfélög hafi búið sameiginlega til áætlun um hvernig eigi að halda skólastarfi og menntun í ásættanlegu horfi í kreppunni.

## Aukin velmegun og góðæri var ekki nýtt til að færa skólastarf og menntun til þess vegar sem við viljum sem samfélag og lög gera ráð fyrir.

til sjálfstæðis þeirra en þetta gagnrýnum við. Nú þurfa allir að hugsa öðruvísi, líka sveitarfélögin með sitt lögbundna sjálfstæði. Við viljum sjá markvissar áætlanir þeirra og ríkisstjórnarinnar um að verja skólastarf en til að það verði þarf að fást yfirlit um það sem er að gerast í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Það þarf öfluga upplýsingagjöf og gagnsæi. Ef grípa á til aðgerða verðum við auðvitað að vita hvar vandinn er mestur og um hvað hann snýst! Ef skólar þurfa að fara í erfiðar aðgerðir og skera niður þjónustu þá þurfa menn að vera sannfærðir um réttmæti

þeirra aðgerða sem gripið er til. Við kennarar verðum að eiga kost á að leggja mat á endanlega forgangsröðun. Það fer illa í fólk að hafa tilfinningu fyrir því að um sé að ræða tilviljanakenndar og ekki óhjákvæmilegar aðgerðir sem bitna þungt á bæði kennum og nemendum.

Mikilvæg samskipti um skólamál fara núna fram á vettvangi samflots um kjarasamningamál. Þar ræða aðilar á vinnumarkaði um hvaða umgjörð er hægt að skapa utan um kjör landsmanna. Þar koma skólamál til umræðu ásamt öðrum samfélags-

legum velferðarmálum sem snerta stóran hluta þjóðarinnar. En Kennarasambandið er bæði fagfélag og stéttarfélag. Núna förum við sem fagstétt sterklega fram á það við stjórnvöld að þessi risastóri málaflökkur fái nauðsynlega athygli á erfiðum tímum. Í Evrópu eru menn mjög uggandi um það að skammsýni í viðbrögðum við kreppu og ákvarðanir um að standa í stað eða beinlínis stíga skref aftur á bak hefni sín illilega vegna þess að skólaganga og menntun fólks er öflugasta leiðin út úr kreppu. AGS hefur til dæmis bent á að það sé arðvænlegra að leggja fé í menntun en lækka skatta. Líklega er verið að taka mörg röng skref á Íslandi um þessar mundir en kennarasamfélagið er heilt og óskipt í því að vinna með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.“

keg

### Fullt samráð verði haft við stjórnendur grunnskóla

Skólastjórafélag Suðurlands hvetur til þess að haft verði víðtækt samráð við stjórnendur grunnskóla í þeirri vinnu grunnskólayfirvalda í sveitarfélögum sem framundan er við að ná fram sparnaði í rekstrarútgjöldum á grunnskólastiginu. Þetta kemur fram í ályktun sem félagið samþykkti á vofundi sínum þann 22. maí sl. og er birt á vef [KÍ www.ki.is](http://www.ki.is). Ennfremur segir að það sé afar óheppilegt að velja eina miðstýrða leið til niðurskurðar, mjög gætilega verði að fara í að skerða þjónustu sem grunnskólinn veiti og það verði að skoða út frá forsendum hvers og eins skóla og í samráði við stjórnendur.


### Umboðsmaður barna varar við niðurskurði í skólum

Umboðsmaður barna hvetur menntamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga til að íhuga málið vel áður en ráðist er í að fækka kennsludögum í grunnskólum. Mikilvægt sé að hagsmunir barna séu ávallt hafðir í fyrirrúmi og börnum hlíft við hvers kyns niðurskurði sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Þetta kemur fram í bréfi umboðsmanns en hann er sem kunnugt er opinber talsmaður allra barna á Íslandi. Í bréfinu ítrekar umboðsmaður að börn og ungmenni eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarfnast sérstakrar verndar og umönnunar umfram aðra þjóðfélagsþegna. Í frétt á vef embættisins segir ennfremur: „Í þeim efnahagsþrengingum sem nú eru er mikilvægt að huga vel að börnum og aðstæðum þeirra og reyna þarf eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að þrengingar í efnahagslífinu hafi áhrif á daglegt líf þeirra svo sem skólagöngu. Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki og er ákveðin kjölfesta í lífi barna og ungmenna. Kjölfesta sem ekki síst er mikilvæg fyrir börn og ungmenni á þeim umrótatímum sem við upplifum núna.“

### SKÓLI – NÁM – SAMFÉLAG

## Ráðstefna til heiðurs Wolfgang Edelstein áttæðum

Föstudaginn 21. ágúst nk. verður efnt til ráðstefnu til heiðurs dr. Wolfgang Edelstein í tilefni af áttæðisafmæli hans þann 15. júní á þessu ári. Ráðstefnan er haldin í Skriðu v/Stakkahlíð og stendur yfir frá kl. 13-17. Wolfgang er einn áhrifamesti skólamaður hér á landi á ofanverðri tuttugustu öld. Hann var ráðgjafi menntamálaráðherra frá 1966–1984 og aftur 1989–1991 um mótun skólastefnu og stýrði ýmsum umbótaverkefnum, meðal annars á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Wolfgang hóf feril sinn sem kennari og varð síðar námstjóri við Odenwaldskólann, sem var einn af þekktustu umbótaskólum í Þýskalandi á síðustu öld. Wolfgang var einn stjórnenda Max Planck menntarannsóknastofnunarinnar í Berlín og stýrði þar ýmsum verkefnum sem einkum beindust að námi og þroska barna. Undanfarin ár hefur hann einkum fengist við viðfangsefni sem snerta megináhugamál hans: Lýðræði í skólastarfi, siðgæðisuppeldi, nám gegn fordómum,



Wolfgang Edelstein

skapandi hugsun og skólaþróun. Wolfgang var í stjórn þróunarverkefnis um lýðræði í skólastarfi á vegum menntamálaráðuneyta Þýsku landanna 2002–2007 en það verkefni náði til um 180 skóla. Hin þekktu bók Wolfgangs *Skóli – Nám – Samfélag* kom út í nýrri útgáfu fyrir skömmu. Wolfgang er heiðursdoktor við Háskóla Íslands. Skráning á ráðstefnuna er í tölvupósti: [ingvars@hi.is](mailto:ingvars@hi.is) (ekki rétt ráðstefnugjald). Sjá dagskrá hér: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/we.html>

## Kennarasögur og starfendarannsóknir – nýr vefur

[Kennarasogur.is](http://Kennarasogur.is) er meistaraverkefni **Eyglóar Sigurðardóttur** grunnskólakennari, frábær upplýsingavefur um starfendarannsóknir í skólum og einnig vefur með sögum kennara þar sem þeir segja frá eigin reynslu í kennslu og góðum hugmyndum og kennsluháttum sem hafa gengið vel í skólastofunni. Kennarar skrá reynslu sína og miðla henni til annarra með því að senda sögur á [kennarasogur@gmail.com](mailto:kennarasogur@gmail.com) það eina sem vantar á vefinn er nafn Eyglóar, hún er óþarflega hógværl!

[Kennarasogur.is](http://Kennarasogur.is)



Þitt sigurmerki  
í framtíðinni



# V-deild

**fyrir ungt fólk sem vill ráða sínum sparnaði**

Þú tryggir þér ávallt góðan lífeyri með því að greiða iðgjald til LSS. En þú getur aukið lífeyrisréttindin umtalsvert í **V-deild** - valið að styrkja grunnréttindi eða setja umframgreiðslur í séreignarsjóð.

**Kynntu þér málin. Gerðu valið að þínu sigurmerki í framtíðinni.**



LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA

Vegmúla 2 • 108 Reykjavík • Sími 540 0700 • Netfang [lss@lss.is](mailto:lss@lss.is) • [www.lss.is](http://www.lss.is)

# Að vanda til námsmats

Mörg góð verkefni voru kynnt á málþingi 27. maí í lok námskeiðs um námsmat í framhaldsskólum

Námskeiðið *Að vanda til námsmats* hefur staðið yfir í vetur en það er tíu eininga námskeið á meistarastigi fyrir framhaldsskólakennara, haldið á vegum Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskóla og Endurmenntunar HÍ í samstarfi við menntavísindasvið HÍ. Mikil þróun hefur verið í námsmati á undanförunum árum og á námskeiðinu var leitast við að veita yfirlit yfir hana og gefa þátttakendum færi á að prófa ýmsar aðferðir sem hafa verið efst á baugi. Fjallað var um hlutverk og stöðu námsmats í framhaldsskólum, námskrár og námsmat, álitamál um námsmat, framsetningu og þýðingu markmiða, undirbúning námsmats, helstu námsmatsaðferðir, s.s. leiðsagnarmat, námsmóppur, frammistöðumat, símat, gerð skriflegra prófa, notkun gát- og matslista, sjálfsmat nemenda og jafningjamat, réttmæti og áreiðanleika mats og mælinga, einkunnir og vitnisburð. Umsjón með námskeiðinu hafði Ingvar Sigurgeirsson, þátttakendur voru á fjórða tug og námskeiðinu lauk með veglegri námstefnu þann 27. maí sl. þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín. Efni frá námstefnunni verður sett í hugmyndabanka og það má nálgast á heimasíðu Ingvars [starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/index.htm](http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/Namsmat/index.htm)

## MATSFUNDIR Í FRAMHALDSSKÓLUM

Meðal nemenda voru þær **Irena Ásdís Óskarsdóttir** og **Ragnhildur Guðjónsdóttir** hjá Iónskólanum í Hafnarfirði. Verkefnið þeirra heitir *Matsfundir – eru nemendur hæfir til að meta skólastarfið?*

### Rannsóknarspurningar voru þrjár:

- Eru nemendur hæfir til að meta skólastarfið?
- Eru matsfundir nýtilegir en kennslukannanir?
- Eru matsfundir heppileg aðferð til að meta skólastarfið?

*En hvað eru matsfundir? Og hvað leiddi könnun Irenu og Ragnhildar í ljós? Gefum þeim sjálfum orðið:*

„Markmið okkar með þessu verkefni var að kanna hvort við gætum fundið góða aðferð til að meta skólastarfið með nemendum. Aðferðin skyldi vera leiðbeinandi fyrir kennara þar sem þeir fá upplýsingar um það sem þeir gera vel í starfi sínu og hvað þurfi að gera betur. Einnig hvort kennsluáðferðir og áherslur kennara nýtist nemanda til skilnings á námsefninu. Tilgangurinn var að efla skólastarfið í okkar skóla. Hingað til hafa verið lagðar fyrir kennslukannanir á hverri vorönn, þar eru nemendur beðnir um



að svara tíu spurningum á *Námskjánum* sem er veflægt forrit sem við notum í skólanum. Spurningarnar eru fyrirfram ákveðnar og haka nemendur við viðeigandi staði þar sem svarmöguleikinn er „hlutlaus, mjög sammála, frekar sammála, hlutlaus, frekar ósammála eða mjög ósammála“. Við höfum haft það á tilfinningunni að nemendur svari þessum könnunum oft ekki af fullri alvöru og svörin er oft léleg eða um 50%. Ennfremur er möguleiki á að þótt nemendum finnist eitthvað athugavert við kennsluna komi það ekki fram í rafrænum könnunum sem þessum þar sem spurningarnar voru í raun ekki réttar.

### Tilgáta okkar var eftirfarandi:

- Nemendur eru hæfir til að meta skólastarfið.
- Matsfundir gefa betri mynd af því sem vel er gert. Sýna betur hvað hægt er að gera heldur en fram kemur í kennslukönnunum.
- Nemendur eru tilbúnari að gefa sér tíma

til að meta skólastarfið með slíkum hætti, þ.e. matsfundum.

- Kennarar fá raunhæfari mynd af mati nemenda sem nýtist þeim betur í starfi.
- Fleiri nemendur taka þátt en í núverandi könnunum.

Við fengum hugmyndina að matsfundum þegar Ingvar Sigurgeirsson lét okkur taka þátt í slíkum fundi þann 12. desember 2008. Við höfðum ekki áður kynnst þessari aðferð sem matsaðferð en fylltumst áhuga á að prófa hana í okkar skóla og sáum í þessu fullt af tækifærum, ekki síst þar sem önnur okkar vinnur að hluta við innra mat skólans. Fannst okkur þarna komið tæki sem við gætum bæði nýtt sem hluta af innra mati skólans og sem tækifæri kennara til að fá að heyra beint frá nemendum hvað þeim fyndist um námskeiðið. Við ákváðum því að leggja upp með spurninguna: „Eru nemendur hæfir til að meta skólastarfið? Einnig vildum við fá svör við spurningunum: „Eru matsfundir heppileg aðferð til að meta skólastarfið?“ og „Eru

## Eru nemendur hæfir til að meta?

### Dæmi

<p><b>Jákvæður hringur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Allt vel útskýrt</li> <li>• Vel glösað á töflu og vel farið eftir bókinni</li> <li>• Góð lýsing í kennslustofunni</li> <li>• Þægilegir stólar</li> <li>• Góð og aðgengleg tæki</li> <li>• Kennari þægilegur í umgengni</li> <li>• Fer djúpt í marga, líka fyrir utan efnið sem er gott að vita</li> <li>• Fer vel yfir</li> <li>• Hægt að tala við kennara á léttum nóum</li> <li>• Skemmtileg, upplifandi</li> <li>• Sanngarn kennari</li> <li>• Skipulag til fyrirmyndar</li> <li>• Maður veit alltaf hvar maður er, enginn misskiplingur með það</li> </ul>	<p><b>Það sem betur mætti fara:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vont að sitja lengst frá töfunni, röðin er fyrir</li> <li>• Nemendur lengst frá – auðveldara að missa einbeitinguna</li> <li>• Of margir í stofunni, erfitt að sjá á töfluna og komast yfir öll dæmin</li> <li>• Soundum farið of hratt yfir</li> <li>• Mikið stökk frá xxx103 í xxx203</li> <li>• Fírinlegt að sitja langum í stofunni</li> <li>• Staðsetning borðsins slæm</li> <li>• Ný bók, ber ekki saman við gömlu bókina, þ.e. ný hugtök í nýju bókinni</li> <li>• Ósamræmi milli bókarinnar og verkefnanna, dælitíð kaotískt</li> <li>• Mætti reikna meira upp á töflu</li> </ul>
---	--

HÍ - endurmenntun - að vanda til námsmats



Irena Ásdís Óskarsdóttir og Ragnhildur Guðjónsdóttir

matsfundir nýtilegrir en hefðbundnar kennslukannanir?" Við vorum sannfærðar um að hægt væri að svara þessum spurningum játandi. Við vorum einnig vissar um að nemendur væru hæfir og myndu gefa sér tíma til að meta þetta vel. Loks var það okkar tilfinning að fleiri nemendur tækju þátt og niðurstöður yrðu nýtilegrar fyrir kennara, þar sem allir gátu sagt það sem þeir vildu með eigin orðalagi og höfðu frjálst val um hvað þeir vildu gera athugasemd við.

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur í öllum hópunum nema einum. Önnur okkar sá um að skrá niðurstöður en hin stjórnáði umræðum á flestum fundanna.

**Framkvæmd:**

- Við byrjuðum á biðja nemendur um að færa borðin til hliðar og raða stólum í hring. Að því loknu sögðum við þeim hvert verkefnið væri.
- Við óskuðum eftir því að nemendur segðu eitt til tvö atriði sem þeim þætti jákvætt við áfangann. Hringurinn gengi réttisælis og allir fengju að segja sína skoðun. Þegar hringurinn væri búinn myndum við fara annan hring rangsælis og þá segðu þeir eitt til tvö atriði sem þeim fyndist hægt að bæta í áfanganum. Við tókum fram að nemendur mættu vera sammála öðrum nemanda og einnig mætti segja „pass“, jafnframt að nemendum gæfist kostur á að bæta við ef þeim fannst þess þurfa í lokinn.
- Áður en við byrjuðum útskýrðum við tilganginn með verkefninu sem væri að bæta skólafarfið.
- Við létum nemendur vita að við myndum skrifa athugasemdirnar beint eftir þeim og að við undirstrikuðum þau atriði sem væru oft tekin fram.

- Við sögðum þeim hvert framhaldið yrði, að kennarinn fengi niðurstöðurnar nafnlausar.
- Við lásum upp tíu spurningar úr kennslukönnuninni sem er lögð fyrir á vorönn til að gefa þeim hugmynd um umræðuefni.
- Eftir matshringinn spurðum við nemendur hvernig þeim hefði fundist þetta.
- Að lokum óskuðum við eftir því að nemendur hjálpuðu okkur að ganga frá stofunni.

Skemmst er frá að segja að verkefnið var mjög skemmtilegt og áhugavert og allar tilgátur okkar fengust staðfestar. Við erum enn sannfærðari en áður um að nemendur okkar eru færir um að meta skólafarfið með faglegum hætti. Við erum þess líka fullvissar að fundirnir hafi verið gagnlegir fyrir alla og á margan máta. Kennarar fengu að vita beint frá nemendum hvað þeir eru að gera vel og hvort eitthvað mátti bæta. Það má ekki gleymast að jákvæðu atriðin eru jafn mikilvæg og þau neikvæðu. Almenn einblíndu nemendur meira á kennarann og kennsluhætti þegar þau voru að fara jákvæða hringinn en meira á aðstöðuna, tækin og bækurnar þegar þau áttu að nefna eitthvað sem betur mætti fara.

Það voru virkilega gagnlegir og góðir fundir sem við áttum með kennurum þegar við vorum að fara yfir atriðin sem við tókum á matsfundunum. Okkur fannst kennarar taka athugasemdunum mjög vel og var að sjálfsgöðu virkilega ánægjulegt að kynna fyrir þeim atriðin sem nemendur nefndu að væru jákvæð. Það var ekki erfitt að fara yfir atriðin sem nemendum þótti þurfa að bæta og laga. Kennararnir tóku mjög vel í þær athugasemdir og til að mynda kom einn kennari til okkar nokkru seinna og sagðist hafa brugðist við athugasemdinni og væri

ánægður með árangurinn. Þetta hafi verið eitthvað sem hann hafði ekki hugsað út í áður en væri þakklátur fyrir ábendinguna.

Við fengum líka margar góðar og áhuga-verðar athugasemdir frá nemendum um framkvæmd matsfundanna (í könnun þar að lútandi) sem vert væri að prófa ef það á að endurtaka þetta. Eins og það að byrja fundinn á því að allir skrifi athugasemdir á miða svo ekki verði allir sammála síðasta ræðumanni. Jafnframt mætti prófa að hafa fundina aðeins fyrir á önninni (þeir voru í síðustu kennsluviku) eða láta nemendur vita með einhverjum hætti að fundur stæði til svo þeir gætu verið búnir að hugsa sig um hvort það væri eitthvað sérstakt sem þeir vildu koma á framfæri. Við erum þó á því að það sé ekki gott að láta nemendur vita nákvæmlega hvar og hvenær fundirnir verði haldnir svo þetta verði heldur ekki allt of undirbúið.

**Nokkrar ráðleggingar til þeirra sem vilja prófa:**

- ▶ Kynna verkefnið vel fyrir stjórnendum og kennarahópnum.
- ▶ Hafa kennarann ekki viðstaddan.
- ▶ Kynna niðurstöður fljótt fyrir kennurum svo þeir geti nýtt sér þær strax.
- ▶ Hægt að skoða aðra útfærslu, t.d. láta nemendur byrja á að skrifa athugasemdir á miða.
- ▶ Halda fundina snemma á önninni, 5.-6. viku?
- ▶ Gott að tveir haldi fundinn.

Í lokin má nefna að stjórnendur sýndu mikinn áhuga á verkefninu og hafa óskað eftir því að það verði þróað áfram í skólanum.“

# Clicker 5

## Verkfæriforrit fyrir tungumálanám

Náms- og kennsluefnið, *Clicker 5 og Katla*, verður gefið út í fjórum hlutum á þessu ári og stefnt er að því að fyrsti hlutinn verði tilbúinn í sumar.

Nýlega fékk hópur reyndra kennara styrk úr Þróunarsjóði námsgagna til að útbúa kennsluefni í verkfærís- og margmiðlunarforritinu Clicker 5 fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Þetta eru þau Anna Guðrún Júlíusdóttir, Sigurður Fjalar Jónsson, Óskar Sigurðsson og Sigríður Ólafsdóttir. Anna Guðrún og Sigríður eru höfundar Kötluefnisins sem víða er notað með góðum árangri fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku, Sigurður Fjalar hefur kennt UT með tilliti til sérkennslu við menntavísindasvið HÍ (áður KHÍ) og haldið fjölmörg námskeið í Clicker 5 og Óskar stýrir verkefninu fyrir hönd A4 Skólavörubúðar. Við fengum Óskar Sigurðsson til að kynna forritið fyrir lesendum.

Clicker 5 styrkir nemendur í læsi, þ.e. lestri, ritun og tali. Það má nota í öllum námsgreinum og fyrir alla nemendur burtséð frá námsgetu. Framleiðandinn hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir þetta forrit sem er notað í rúmlega 90% breskra skóla og í yfir fjórutíu þúsund skólum um heim allan.

Hér mun ég fjalla um það hvernig Clicker 5 styður nám barna með annað tungumál en ensku. Ég stýðst við greinina *Using ICT to support young learners who are non-native speakers of English* eftir tungumálaráðgjafann Dawn Lama sem birt var í tímaritinu *Children and Teenagers*. Þess má geta að höfundur hefur þróað námsgögn fyrir sama framleiðanda og framleiðir Clicker 5.

Notkun UT í skólum til að styðja nám barna með ensku sem annað tungumál er orðin nokkuð útbreidd. Nemendur sem þekkja ekki nýja tungumálið finna strax tölvuverkefni sem þeir geta leyst og upplifa það að geta klárað verkefni, eins vel og eða jafvel betur en skólafélagarnir. Rupert Wegerif hefur skilgreint ávinninginn af þessu svo: „Vegna þess að tölvur eru vélar, án væntinga og með óendanlega þolinmæði, geta þær skapað börnum öryggi til að sannreyna hugmyndir.“

Clicker 5 er öflugt, notendavænt hjálpar-tæki í ritun og margmiðlun, grundvallað á grindum (grids) og ritvinnslu (gluggum). Einnig opnar forritið dyr að margmiðlunarverkefnum sem styðjast við nýjustu tölvutækni með myndir, ljósmyndir, mynd-bönd og hljóð. Hægt er að nota **Clicker grindurnar** til að uppfylla fjölmörg kennslumarkmið og fullnægja þannig þörfum ólíkra nemenda, þau geta verið allt frá mjög einföldum mynd/orðtengingaverkefnum, til setningamyndana, talbóka og myndbands kynninga. Gagnvirkinn

# Clicker 5



gerir nemendum kleift að nálgast námið á fjölbreytilegan hátt.

Ritvinnsla í Clicker er **talandi ritill** og þú getur ýmist notað lyklorðið til að slá inn orð eða smellt á orð og myndir í Clicker grindunum og sent þau yfir í ritilinn. Forritið veitir enskunemendum tækifæri til að styðjast við hið ritaða mál með eins mikilli eða lítilli hjálp og þeir þurfa á að halda. Hægt er að útbúa einföld orðaverkefni (líma, merkja) og einnig flóknari verkefni í setningarmyndun með grindum. Þannig getur byrjandi í ensku merkt rétt hugtak við mynd úr frá mörgum valmöguleikum. Nemandi sem er lengra kominn í náminu getur búið til einfaldar setningar með því að notast við fastsetta grind sem tryggir að rétt orð sé valið, öðrum hafnað. Hægt er að *litakóða* grindur til að greina talhljóð eða setningahluta þannig að nemandi geti einbeitt sér að tiltekinni færni, t.d. í málfræði, setningagerð eða sagnagerð.

Nemendur á efri stigum geta notfært sér orðabanka sem birtast á skjánum (pop-up) til að búa til eigin talbækur, eða þeir styðjast við ritamma (writing frame) til að laga til sagnatextann sinn.

**Tal og hljóð** eru mikilvægir eiginleikar Clicker 5 og veita nemendum möguleika á að tala og hlusta. Enski talgervillinn er vand- aður og nemendur geta hlustað á framburð orðs eins oft og þeir þurfa. Þeir geta einnig

fengið strax svörin á það sem þeir skrifa með ritlinum (sbr. sjálfspróf og námsmat). Þeir sjá orð og orðasambönd, geta heyrt þau lesin, skrifa og hlustað á setningu/-ar í heild.

Þessu til viðbótar er hægt að taka upp tal nemenda til að þjálfra framburð þeirra í ensku og hjóðrita einnig móðurmál þeirra til að hvetja þá til dáða. Hljóðritinn sem birtist (pop-up) veitir öryggi og er hvetjandi fyrir nemendur. Hann gefur þeim færi á að reyna, aftur og aftur, við einstök orð og orðasambönd og nemendur elska það að heyra rödd sína á ensku. Þeir geta hlustað á uppleið orð og hermt eftir því eða bætt rödd sinni við eigin talbók.

Kennarar geta síðan sjálfir útbúið grindur sem gera nemendum kleift að klást við ýmsar ólíkar námsgreinar um leið og þeir læra ensku og bætt í grindurnar viðbótarstuðningi, s.s. vísbendingum, áminningum og fleirur.

Á [www.learninggrid.com](http://www.learninggrid.com) er verkefnabanki með miklu magni af tilbúnu Clicker efni og nýju efni er reglulega bætt við. Forritið er einfalt í notkun og því fylgja leiðbeiningar. A4 Skólavörubúðin býður upp á námskeið í Clicker 5, ef næg þátttaka fæst.

**Óskar Sigurðsson MA**  
Höfundur er vöru- og verkefnastjóri hjá A4 Skólavörubúðinni.

Grein Óskars um Clicker 5 er óstýtt á [www.skola.is](http://www.skola.is)

**Útileiktæki:** rólur, vegasölt, gormatæki, rennibrautir, leikkastalar ofl.

Frá viðurkenndum framleiðendum eins og Lappset, Wicksteed, Stilum, Dynamo, Huck ofl.

**Járnrimlagirðingar** fyrir skóla- og leikskólalóðir, íþróttavelli, fjölbýlis og einkalóðir  
Þýsk gæði frá Legi

**Hjólabrettapallar** frá Rhino Ramps í Belgíu, komnir upp víða um land við frábærar  
undirtektir notenda

**Fallvarnarefni:** gúmmíhellur frá Þýskalandi og gúmmímottur á gras, þar sem grasið  
vex upp í gegn um motturnar og motturnar hlífa grasinu og virka sem fallvörn

**Mörk og körfur, útiprektæki og ýmsar gerðir af sparkvöllum** frá  
viðurkenndum framleiðendum eins og t.d Sure Shot, Lappset, Wicksteed og Saysu.

**Bekkir, ruslafötur, stubbahús skýli, reiðhjólagrindur, trjágrindur,  
pollar, ljósastaurar, blómaker o.fl.**  
GH Form, Vekso, Nifo, Orsogril Vestre o.fl.

**Leikföng, húsgögn og búnaður fyrir leikskóla**  
frá stærsta dreifingaraðila í Danmörku Lekolar (áður Rabo – Brio)

[www.johannhelgi.is](http://www.johannhelgi.is)

**Bændur og hestamenn:** Nótuð plastborð, fjárhúsgólf, búgarðagirðingar (Dallas).  
Gerði og girðingastaurar úr plasti. Básamottur og fóðurgangamottur.



Þjóðum heildarlausnir á leiksvæðum. Uppsetning, viðhald og þjónusta.  
Leitið tilboða

Anna Lena og Ragna í Tékklandi

# COMENIUS 2 - endurmenntunarnámskeið fyrir kennara

Miðvikudaginn 1. apríl héldum við, Anna Lena Halldórsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir kennarar úr Flataskóla, af stað í spennandi ferðalag. Förlinn var heitið til Tékklands og tilgangur ferðarinnar að taka þátt Comeniusarnámskeiði um útikennslu og umhverfismennt.

Við sóttum um styrk fyrir námskeiðinu til menntunaráætlunar Evrópusambandsins – Comenius og hlutum vilyrói. Styrkurinn dugði fyrir ferðakostnaði, námskeiðsgjöldum og upphaldi á námskeiðinu. Til að komast til Tékklands flugum við til London og gistum þar eina nótt. Fimmtudaginn 2. apríl flugum við frá London og til höfuðborgar Tékklands, Prag. Þar dvöldum við í tvo daga áður en námskeiðið byrjaði. Prag er ákaflega falleg borg með mikla sögu og menningu og það var ánægjulegt að fá tækifæri til að skoða borgina.

Námskeiðið sjálf hófst laugardaginn 4. apríl og stóð til 11. apríl, eða í eina viku. Meiri hluti námskeiðsins var haldinn í suður Bóhemíu á uppgerðum sveitabæ sem íþróttadeild háskólans í Prag á og rekur. Bærinn heitir Ovčin og er ákaflega fallegur og vel staðsettur þegar kemur að útikennslu og umhverfismennt. Síðustu tvo dagana dvaldi hópurinn í Prag. Auk okkar voru á námskeiðinu átta kennarar frá Svíþjóð, þrjár frá Frakklandi og einn frá Spáni, eða samtals fimmtán kennarar. Leiðbeinendur voru dr. Dusan Bartunek frá háskólanum í Prag, Britta Brügge frá háskólanum í Línköping, Margit Hensler umsjónarmaður námskeiðsins frá Svíþjóð og Petra Koppova tékkneskur vistfræðingur. Einnig voru tékkneskir gestakennarar.

Á námskeiðinu var margt gert til að tengja þátttakendur betur við útikennslu og umhverfismennt ásamt því að gefa okkur tækifæri til að kynna. Meðal þess sem við gerðum var að vinna ýmiskonar samvinnuverkefni í stórum og smáum hópum, fara í ratleiki og aðra leiki, elda úti, taka þátt í alþjóðakvöldi, syngja við varðeld, kynna skólana okkar hvert fyrir öðru og fara í skólaheimsóknir.

Dagarnir okkar í Tékklandi skilja eftir ógleymanlegar minningar og aukna faglega og persónulega þekkingu og í ljósi þess hvetjum við alla kennara til að kynna sér Comenius 2 – endurmenntunarnámskeið fyrir kennara. Allar frekari upplýsingar má finna á [comenius.is](http://comenius.is)



Ljósmyndir frá höfundum

Anna Lena og Ragna: Helsti lærdómur okkar af námskeiðinu var að átta okkur á því af hverju við ákváðum að fara þessa leið í kennslu, þ.e. útikennsluleiðina, en ekki að fara hina hefðbundnu leið og nota bækur.



## Hjólaferð

Hluti af námskeiðinu okkar voru hjólaferðir. Fyrsta daginn fórum við í stutta ferð undir leiðsögn kennara á námskeiðinu. Sú ferð var farin til að undirbúa okkur fyrir aðra sem var lengri og undir okkar leiðsögn. Lagt var af stað frá Ovčin að morgni 7. apríl og var ferðinni heitið að falllegu vatni sem var í um það bil 15 km fjarlægð. Var nemendum skipt í tvo hópa og átti einn í hverjum hópi að stjórna. Hugmyndin var að við skiptum því hlutverki á milli okkar. Við fengum kort af leiðinni og svo var lagt af stað. Þess má geta að í báðum hópum voru kennarar af námskeiðinu sem höfðu farið þessa leið áður. Veðrið var stórkostlegt, glampandi sól og tuttugu stiga hiti. Við hjóluðum áleiðis og stoppuðum öðru hvoru til að athuga hvort við værum ekki á réttri leið. Eftir um





einnar og hálftrar klukkustundar hjólaferð komum við á leiðarenda þar sem okkar beið útielamennska og fróðleikur um þetta fallega umhverfi sem við vorum komnar í. Þar sem ferðin gekk svo vel ákváðum við að halda áfram og hjóluðum að austurrísku landamærunum. Þess má geta að enginn í þeirri ferð hafði hjólað þessa leið áður, en við komumst fram og til baka heil á húfi og alsæl eftir yndislegan dag.

**Rattleikur**

Eftir hina frábæru hjólaferð beið okkar skemmtilegur rattleikur. Nemendum var skipt í fimm hópa og þess gætt að hafa þá eins alþjóðlega og hægt var. Hver hópur fékk umslag sem í voru alls konar myndir af laufblöðum, krónublöðum og stönglum. Hver þessara mynda var svo merkt með númeri og bókstaf og átti hver hópur að fara á níu

stöðvar. Á hverri stöð voru myndir af blómum (ekki alvöru blóm) og heiti (á tékknesku). Við áttum að skoða þessar myndir, leggja þær á minnið og fara svo á stöðina okkar og endurgera blómin. Til þess notuðum við myndirnar sem við höfðum fengið. Eins og áður sagði var hver mynd merkt og áttum við að færa þær upplýsingar inn á þar til gert blað. Í lokin tók kennarinn blaðið og fór yfir það. Gefin voru stig fyrir hvert blóm og vann sá hópur sem hafði flest þeirra rétt. Þessi leikur reyndi töluvert á samvinnu og minni hvers og eins og einnig kom hann aðeins við keppnisskapið hjá einhverjum.

**Anna Lena Halldórsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir.**

Höfundar eru kennarar í Flataskóla.

## Fullbókað hjá Náttúruskóla Reykjavíkur

**Mikill áhugi er á útiskóla og kennsluháttum sem honum tengjast. Við fengum Helenu Óladóttur verkefnisstjóra Náttúruskóla Reykjavíkur til að segja lesendum í stuttu máli frá námskeiðahaldi á vorönn.**

Í vor hefur Náttúruskóli Reykjavíkur staðið fyrir níu námskeiðum í umhverfismennt og útikennslu. Öll hafa þau verið ákaflega vel sótt af kennurum úr borginni og víðsvegar að af landinu en frá og með síðustu áramótum var kennurum utan Reykjavíkur heimilt að sækja námskeiðin. Óhætt er að segja að þeirri breytingu hafi verið vel tekið enda fjölmargir skólar á öllu landinu farnir að leggja áherslu á útikennslu í starfi sínu. Fyrstu námskeið annarinnar fjölluðu um umhverfismennt og hvernig hægt er að vinna með umhverfismál í víðum skilningi á hagkvæman og skemmtilegan hátt með nemendum á öllum aldri. Þegar sól fór að hækka á lofti tóku útikennslunámskeiðin við. Náttúruskólinn fékk til liðs við sig reynda útikennara sem sáu um fræðslu á námskeiðum. Þeir opnuðu fjársjóðskistur sínar og kynntu ýmis verkefni sem þeir hafa notað í sinni kennslu.

Fullbókað hefur verið á námskeið Náttúruskólans og mikil eftirspurn er eftir fræðslu á þessu sviði. Þeir sem einu sinni hafa sótt námskeið á vegum skólans sækjast eftir því að koma aftur og aftur. Fræðslan sem slík er ekki það eina sem togar heldur það að hitta kennara sem eru í sömu sporum, að geta skipst á hugmyndum, verkefnum og góðum ráðum og síðast en ekki síst að eiga skemmtilega stund úti í náttúrunni í borginni.

Netfang Helenu: [helena.oladottir@reykjavik.is](mailto:helena.oladottir@reykjavik.is)



Ljósmyndir frá Náttúruskóla Reykjavíkur

### Því meiri tíma sem börn verja úti, því betur líður þeim

„Yndi borgarbúa af ósnertri náttúrunni á oftast rætur að rekja til reynslu þeirra í bernsku af útilegum, veiðum og gönguferðum um fjöll og firnindi,“ sagði Þorvarður Árnason á stofnfundi Samtaka náttúru- og útiskóla í fyrra. Útikennsla hefur marga aukakosti: hún dregur úr streitu, bætir sjálfsmynd og eykur virðingu fyrir náttúrunni. Dæmigerður Vesturlandabúi eyðir 90% af tíma sínum innandyra. Rannsóknir sem vitnað var í á stofnfundinum sýna hins vegar að því meiri tíma sem börn verja úti undir leiðsögn kennara því betur líður þeim.

# Hverjir eru bestir!

## Norðlingaleikarnir, íslensku menntaverðlaunin, fjöregg Samfoks og tilnefning til foreldraverðlauna

**Það er bókstaflega allt að gerast hjá Norðlingaskóla í Reykjavík þessa dagana, nánar tiltekið þessa þrjá dagana. Skólanum hlotnaðist fjöregg Samfoks einn daginn, íslensku menntaverðlaunin næsta dag og hélt svo hina árvissu Norðlingaleika þriðja daginn. Þá er skólinn einnig tilnefndur til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla.**

*Íslensku menntaverðlaunin hlaut Norðlingaskóli í flokknum „Skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.“ Hér er gripið niður í umsögn dómnefndar á nokkrum stöðum:*

Norðlingaskóli í Reykjavík hefur þann stutta tíma sem hann hefur starfað getið sér orð fyrir framsækni, nýsköpun og einkar heildstæða og skýra stefnumörkun og orðið fyrirmynd sem fólk víða að kemur til þess að skoða og læra af. Starf skólans er grundvallað á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo að hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur...

Stefnan var mótuð í upphafi á heildstæðan og framsækinn máta þar sem Norðlingaholtið og nánasta umhverfi þess er samofið skólastarfinu og áhersla lögð á virk tengsl við foreldra og forráðamenn nemenda. Dyr skólans standa öllum foreldrum ætíð opnar og hlýlega er tekið á móti þeim ...

Mikil áhersla er lögð á list- og verkgreinar og samþættingu þeirra við aðrar námsgreinar. Útikennsla er gerð að virkri kennslu- aðferð þar sem Björnslundur í nágrenni skólans er m.a. nýttur sem kennslustofa ...

Stjórnunarhættir í Norðlingaskóla einkennast af faglegu hugrekki, samvinnu og virkri þátttöku starfsmanna. Skólinn hefur farið inn á nýjar brautir við að skipuleggja vinnutíma starfsmanna. Allt starfsfólk skólans vinnur í teymum en markmiðið með því er að nýta margbreytileika starfsfólksins og rjúfa hina hefðbundnu einyrkjastarfsemi sem er víða við lýði.

Lögð er áhersla á mikla faglega umræðu meðal starfsfólks og vilja til nýbreytni þar

sem skólabróun er talin eðlilegur hluti af daglegum störfum ...

Starfsemi Norðlingaskóla fer fram í bráðabirgðahúsnæði. Þrátt fyrir erfiðleika sem því fylgja hefur starfsemi skólans verið metnaðarfull, heildstæð, nemendamiðuð og í virkum tengslum við umhverfi sitt þar sem mörgum hindrunum hefur verið snúið upp í tækifæri ...

### Norðlingaleikarnir

Föstudaginn 29. maí voru Norðlingaleikarnir haldnir í skólanum en þá er keppt í jafn fjölbreytilegum íþróttgreinum og húlahoppi, að hitta í kórpu og sippa, svo að einungis þrennt sé nefnt. Tilgangur leikanna er að nemendur fái tækifæri til að sýna sínar sterku hliðar, hversu ólíkir þeir eru innbyrðis, hvað þeir búa yfir margvíslegum hæfileikum og hvernig mismunandi hæfileikar skila liðinu hámarksárangri. Settar eru upp tuttugu og fjórar stöðvar með ýmsum þrautum og leikjum og í hverju liði eru tíu manns úr öllum tíu árgöngum skólans. Liðsstjóri er kosinn úr einum af elstu árgöngunum. Hlutverk hans er að halda utan um liðið sitt og finna út í samvinnu við liðsmenn styrkleika hvers og eins. Hvert lið hefur sitt eigið nafn og heróp. Þegar leikarnir hefjast er Norðlingaleikaeldurinn tendraður, ávarp haldið og þátttakendur fara saman með Norðlingaeiðinn. Ljósmyndari og ritstjóri Skólavörðunnar voru svo lánsöm að dvelja um stund með Norðlingum á leikunum. Nemendur leikskólans Rauðhóls eru í samstarfi við Norðlinga og komu í heimsókn á leikana en meðal þess sem þessir tveir skólar deila er hinn frábæri *Björnslundur*.

keg

### Sjá nánar:

[nordlingaskoli.is](http://nordlingaskoli.is)  
[forseti.is](http://forseti.is)  
[samfok.net](http://samfok.net)  
[nordlingaskoli.is/bjornslundur/](http://nordlingaskoli.is/bjornslundur/)  
[raudhollinn.is](http://raudhollinn.is)  
[heimilhogskoli.is](http://heimilhogskoli.is)







## NÝTT TÆKIFÆRI Í ENDURMENNTUN

# Textílsetur Íslands býður spennandi námskeið í þægilegu og hvetjandi umhverfi

Textílsetur Íslands var sett á laggirnar árið 2005 og er í gamla Kvinnaskólahúsinu á Blönduósi. Meginhlutverk þess er að efla rannsóknir og menntun í íslenskum textíliðnaði og handverki. Einnig er fyrirhugað að skapa háskólanemum, fræðimönnum og listafólki starfsaðstöðu fyrir vettvangsnám og rannsóknir á sviði textílfræða og jafnframt því að vera alþjóðlegt fræðasetur sem heldur ráðstefnur, málþing og námskeið um textíl. Í haust var skrifað undir samstarfssamning við Hólaskóla um stofnun deildar í textílfræðum á Blönduósi, í Kvinnaskólanum.

Ásdís Birgisdóttir sem var framkvæmdastjóri og skólastjóri hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands í fjórtán ár tók við stjórn Textílsetursins í haust sem leið og hún hefur mikinn áhuga á virku samstarfi við kennara um námskeiðahald. „Ég hvet kennara til að skoða vel þennan nýja möguleika í sambandi við endurmenntun,“ segir Ásdís. „Kvinnaskólinn er frábært húsnæði sem býður eftir kennurum, gott rými, vinnustofur og matsalur. Gistimöguleikar á Blönduósi eru mjög góðir og við munum einnig bjóða gistingu í Kvinnaskólanum sjálfum í framtíðinni.

Við ætlum að bjóða upp á fjölbreytt námskeið í handverki, heimilisiðnaði og handavinnu. Þar er um að ræða annars vegar námskeið sem við skipuleggjum og kynnum fyrir kennurum og hins vegar námskeið sem við sérsníðum að óskum hvers og eins. Ég sé þá um að hanna námskeiðið í samræmi við óskir kennara og fæ fagaðila, kennara, hönnuði eða handverksfólk, til starfa eftir því sem við á. Markmiðið er að bjóða aðstöðu og umhverfi þar sem hópar geta komið saman við handverk og handíðir án amsturs hversdagsins. Umhverfið er þægilegt og hvetjandi og góður vettvangur fyrir hópa til að fræðast og vinna saman. Í Kvinnaskólanum fór fram kennsla í áratugi í ýmsum kvenlegum listum og ber byggingin með sér andblæ liðinna tíma sem skapar einstaka stemningu. Nálægðin við Heimilisiðnaðarsafnið gefur einnig möguleika á heimsóknum og samstarfi.

Ýmis starfsemi er þegar hafin, svo sem þrjónakaffi, handverksnámskeið og samstarf við ýmsa aðila, fagfélög og stofnanir, sem stuðlar að því að hefja upp textílfræðslu og textílþekkingu. Nýjasta framtakið er handverkshús Textílsetursins, **Búsílag**, sem opnaði þann 1. júní á Glæðheimasvæðinu, en þar er íslenskt gæða handverk, hönnun og handavinna sem vert er að skoða. Sjón er sögu ríkar!

Í sumar, frá 27. júní til 1. júlí, verðum við með námskeið í þrjónahönnun, tálgun, knipli, útsaumi og brykki, og baldýringu í samstarfi við Heimilisiðnaðarskólann, Ístex, Skógrækt ríkisins og Nálina.

Hafið endilega samband ef þetta vekur áhuga,“segir Ásdís í lokin og brosir, „og kíkið á vefinn okkar [www.textilsetur.is](http://www.textilsetur.is)“



Ásdís Birgisdóttir



# Sumarnámskeið

handverk—heimilisiðnaður—handavinna



Sumarnámskeið í Textílsetrinu  
Kvennaskólanum Blönduósi

27. júní til 1. júlí 2009.

[www.textilsetur.is](http://www.textilsetur.is)



baldýring

knípl

tálgun

útsaumur og  
þrykk

þrjónækni og  
þrjónahönnun



Námskeiðin eru í samstarfi við:  
Heimilisiðnaðarskólann, Skógrækt  
Ríkisins, Nálina og Ístex.



TEXTÍLSETUR ÍSLANDS · Kvennaskólanum · Árbraut 31 · Blönduósi  
452 4300 894 9030  
[textilsetur@simnet.is](mailto:textilsetur@simnet.is) · [www.textilsetur.is](http://www.textilsetur.is)

**sigalda**.<sup>enb.</sup>

## Leikskólakennarar óskast í leikskólann Aðalþing

Leikskólinn Aðalþing í Kópavogi óskar eftir að ráða  
leikskólakennara til starfa frá 1. ágúst næstkomandi.

Aðalþing er nýr leikskóli þar sem unnið er í anda  
ítölsku uppeldisstefnunnar frá Reggio Emilia.

Í skólanum verða 120 börn frá og með hausti,  
sem skiptast niður á átta 15 barna einingar.

Umsóknir um störf skal senda ásamt ferilskrá  
á netfangið [sigalda@sigalda.is](mailto:sigalda@sigalda.is) fyrir 15. júní.

Tekið skal fram að Aðalþing er reyklaus vinnustaður.

Nánari upplýsingar um Aðalþing á [www.sigalda.is](http://www.sigalda.is)

 *Tónlistarskóli Ísafjarðar*

## Tónlistarkennari

Okkur vantar duglegan og áhugasaman  
tónlistarkennara til afleysinga næsta  
skólaár. Aðalkennslugreinar eru gítar  
(klassískur og rafgítar) og bassi en  
auk þess er æskilegt að kennarinn geti  
kennt byrjendum á fleiri hljóðfæri, s.s.  
blokkflautu, píanó eða trommur.

Mjög góð kennsluaðstaða er fyrir hendi  
og mikill almennur tónlistaráhugi er á  
svæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður  
Ragnarsdóttir skólastjóri í síma 456 3926.

Einnig má senda fyrirspurnir í tölvupósti  
til [sigridur@tonis.is](mailto:sigridur@tonis.is)

## LEIKSKÓLINN KÁTABORG GRÍMSNESI AUGLÝSIR LAUS STÖRF

Laus eru eftirfarandi störf leikskólakennara  
í Kátuborg á Borg í Grímsnesi frá 15. ágúst næstkomandi.  
Um er að ræða eina 100% og aðra 50 % stöðu.

Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntu eða sambærileg menntun.  
Jákvæðni, ábyrgð, áhugi, fagleg hugsun og vinnubrögð,  
frumkvæði. Góð íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur: 1.júlí næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist leikskólanum Kátuborg  
að Borgarbraut 22, 801 Selfoss eða á netfangið  
[kataborg@gogg.is](mailto:kataborg@gogg.is). Ekki þarf sérstakt eyðublað.

Launakjör eru skv. launasamningi FL og Sambands  
íslenskra sveitafélaga. Til greina kemur aðstoð vegna  
flutnings og hjálp við útvegum húsnæðis. Ef ekki fást  
leikskólakennarar til starfa koma aðrir umsækjendur til  
greina.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri síma 486-4492 og/eða  
[kataborg@gogg.is](mailto:kataborg@gogg.is) og sveitarstjóri í síma 486-4400.  
Einnig er bent á vefinn <http://www.gogg.is>

Hallveig Ingimars,  
skólastjóri.

# Njálshögur vann ljósmyndakeppni og MA slagorðakeppni

Vikuna 5-9 maí 2009 stóð yfir Comeniusarvika um alla Evrópu. Markmiðið var að koma á framfæri þeim jákvæðu áhrifum sem evrópskt skólasamstarf hefur á þátttakendur í Evrópu. Í sömu viku voru afhent verðlaun í ljósmynda- og slagorðasamkeppni þátttökuskóla hér á landi sem Landskrifstofa menntaáætlunarinnar stóð fyrir. Vinningshafi ljósmynda var Njálshögur og Menntaskólinn á Akureyri varð hlutskarpastur með slagorðið „Fara - Nema - Njóta“ sem dómnefnd fannst lýsa vel markmiðum Comeniusarsamstarfs. Myndirnar og slagorðin sýna vel fjölbreytileikann, námsfýsina og gleðina sem felast í verkefnum. Íslenskir skólar hafa tekið virkan þátt í Comeniusar skólaverkefnum í hátt í fimmtán ár og hafa nemendur og kennarar notið góðs af. Árlega hljóta ríflega þrjátíu skólar hér á landi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi styrki til samstarfs. Verkefni eru af margvíslegum toga og tengjast öllum námsgreinum, til dæmis landafræði, náttúrufræði, vísindum, tungumálum, heilsufræði, leiklist og myndmennt.

Hér er hægt að skoða allar ljósmyndirnar sem bárust: [www.ask.hi.is/page/ljosmyndasamkeppni](http://www.ask.hi.is/page/ljosmyndasamkeppni)



Verðlaunamyndin. Sameinaðir sem einn strengur – leikskólinn Njálshögur



Á leið heim - Flensborg



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum



Leikskólinn Furugrund



Góð leið til að aga nemendur! - Flensborg



Selir - Lýsuhólsskóli



Leikskólinn Mýri



Survivor - Barnaskóli Vestmannaeyja



Leikskólinn Mýri



Grunnskóli Vestmannaeyja

# Í öruggum höndum í bíl frá okkur



## Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarpi og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

## Flottir bílar - frábær þjónusta



## Hafðu samband:

Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 540 1313

[www.ruta.is](http://www.ruta.is) - [ruta@ruta.is](mailto:ruta@ruta.is)

***Iceland*excursions**  
*Allrahanda*



# Öflugt leikskólastarf

Ígrundun – lýðræði – náttúra – upplýsingatækni

Guðrún Alda Harðardóttir



Aðalþing er nýr 120 barna leikskóli í Kópavogi sem tók til starfa í byrjun mars. Skólinn er rekinn af fyrirtækinu Sigöldu ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Kópavogsbæ en Sigalda er fyrirtæki sem stofnað var í nóvember 2008 af hjónunum Guðrúnu Öldu Harðardóttur leikskólakennara og Sigurði Þór Salvarssyni blaðamanni. Meginmarkmið og tilgangur fyrirtækisins er rekstur leikskóla, rannsóknar- og fræðslustarfsemi auk útgáfu og miðlunar ýmiss konar. Við fengum Guðrúnu Öldu, sem einnig er skólastjóri, til að segja okkur frá Aðalþingi í stuttu máli, markmiðum, skólastefnu og skólastarfi.

Skólinn stendur við götuna Aðalþing í Þingahverfi við Elliðavatn, skammt frá íþróttahúsinu Kórnum. Þörfin fyrir nýja leikskóla í þessum nýju hverfum bæjarins er augljós eins og sést best á því að Aðalþing verður fullsetinn leikskóli þegar í ágúst. Í Aðalþingi er starfað líkt og í öðrum leikskólum Kópavogs samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og námskrá leikskóla Kópavogs. Skólastarfið tekur mið af ítölsku skólastarfi sem kennt er við borgina Reggio Emilia á Norður-Ítalíu og byggist meðal annars á lykilorðunum: Ígrundun – lýðræði – náttúra – upplýsingatækni. Þetta eru hugtök sem unnið er með á markvissan og skapandi hátt í Aðalþingi. Þar er litið á börn sem hæfileikaríka einstaklinga og horft á þekkingu og nám í heild – heildarsýn á nám, það er að allt tengist og vinni hvert með öðru. Önnur einkunnarorð skólans eru: Gleði – vellíðan – undrun – ævintýraljóni, en andi þessara orða mun svífa yfir vötnum í leikskólanum, námsumhverfið hannað á þann hátt að það vekir upp löngun hjá börnunum til að leika sér og rannsaka.

Leiðarljós í leikskólastarfinu eru eftirfarandi þættir, sem taldir eru vera hvað mikilvægastir í leikskólanámi, en þeir felast í að:

- Hvetja börnin.
- Mikilvægara sé að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með svörum.
- Hjálpa barninu að finna hvað vekir áhuga hjá því, hvað því finnst skemmtilegt, þetta á að vera á forsendum barnsins ekki neinna annarra.
- Kenna barninu að takast á við hið óþekkt.
- Kenna barninu að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Kenna barninu að mikilvægasta umbinin er oft sú sem er í einu og öllu - í verkinu sjálfu.
- Kenna barninu að setja sig í spor annarra.



## Leik- og námssvæði

Átakapunkturinn í leikskólastarfi er að tengja fræði og framkvæmd. Í Aðalþingi er leitast við að leiða leikskólastarfið með því að skapa ákveðin viðhorf og fagkunnáttu innan leikskólans. Áhersla er lögð á lýðræði og í slíkri menntun minnkar bilið milli kennara og barna. Leikskólakennararnir eru ekki eingöngu kennarar, heldur kennarar sem meðal annars athuga og rannsaka *hvernig* börnin læra. Rými leikskólans er fyrst og fremst leik- og námssvæði, þar sem ung börn hafa aðstöðu til að rannsaka og gera tilraunir og uppgötvanir. Leik- og námsrými eru hönnuð á þann hátt að þau séu opin og aðgengileg börnum.

## Í takt við náttúruna

Leikskólinn stendur á miklu náttúrusvæði með Elliðavatn og Heiðmörk í næsta nágrenni. Hluti af skólastarfinu miðar að því að nýta náttúrukostina og -fegurðina sem er allt í kringum leikskólann með reglulegum vettvangs- og rannsóknarferðum. Segja má að hesthúsin við Heimsenda séu við „skóladyrnar“ og eru þau heimsótt reglulega. Virðing fyrir náttúrunni og umhverfinu endurspeglast einnig í innra starfi skólans en þar er unnið á umhverfisvænan máta, sörp er flokkað, efniviður endurnýttur, matjurtir ræktaðar o.s.frv.

## Í takt við lýðheilsu

Í Aðalþingi ríkir ákveðin matarmenning, byggt er á hollustu og hreinleika þar sem hráefnið er unnið frá grunni. Hreyfirými er



Ljósmyndir frá höfundri

Gleði - vellíðan - undrun - ævintýraljóni, andi þessara orða mun svífa yfir vötnunum í leikskólanum, námsumhverfið hannað á þann hátt að það vekir upp löngun hjá börnunum til að leika sér og rannsaka.

fastur hluti af yngri deildum leikskólans en þar býðst börnunum að stunda hreyfingu daglega bæði ein og sér og/eða í hópi annarra barna.

## Í takt við tækni

Upplýsingatækni verður notuð í leikskólastarfinu í Aðalþingi á fjölbreyttan hátt, allt eftir því sem hentar hverju sinni. Tölvur eru hafðar í leikrými barnanna en þannig nýtast þær bæði sem leikfang og verkfæri. Allar tölvur leikskólans eru nettengdar, þannig skapast rými fyrir kennara til að vinna hvar sem þeir eru staddir í húsinu hverju sinni.

## Ígrundun

Í leikskólanum við Aðalþing er lögð áhersla á ígrundað leikskólastarf kennara sem barna. Í stjórnskipulagi skólans er lögð áhersla á að starfsfólk hafi möguleika á að þróast í starfi. Öflug sýmenntun er í skólanum og hefur starfsfólki frá öðrum leikskólum boðist að sækja valda fyrirlestra innan skólans.

## Kaup og kjör

Kennarar skólans þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands, ákvæði hans gilda bæði um laun og önnur launakjör eins og orlof, lífeyrisrétt, uppsagnarfrest, fæðingarorlof, vinnutíma og veikindarétt. Starfsmenn skólans eru um tuttugu en verða nær þrjátíu þegar skólinn verður fullsettur í haust.

Guðrún Alda Harðardóttir

# Sýning á námsefni og fræðslufundir

Sýning á námsefni Námsgagnastofnunar,  
þriðjudaginn 18. ágúst 2009 í Árbæjarskóla,  
Rofabæ 34 í Reykjavík kl. 8:30–15:00

Allt útgefið efni Námsgagnastofnunar verður þar til sýnis. Samhliða sýningunni verða í boði fræðslufundir um nýtt námsefni stofnunarinnar. Einnig verður kynntur vefurinn [www.nams.is](http://www.nams.is)

Skráning á fræðslufundi Námsgagnastofnunar og upplýsingar um þá er að finna á vefsíðunni [www.nams.is](http://www.nams.is)

**Aðrir útgefendur með efni á sýningunni eru:**

- ✓ A4 Skólavörubúðin
- ✓ Bjartur
- ✓ Forlagið
- ✓ Hólar
- ✓ Numicon – stærðfræðiefni
- ✓ Skólavefurinn
- ✓ Vísindabúðin

**Sýningin er öllum opin**



**Clicker 5**



Samstarfsverkefnið Clicker 5 - Katla gagnvirk,  
námsefni í íslensku sem öðru tungumáli hlaut  
styrk úr **Próunarsjóði námsgagna 2009**

**90%** skóla  
í Bretlandi nota Clicker 5

**40.000**  
skólar í heiminum nota Clicker 5

Verkfæris- og margmiðlunarforritið Clicker 5 hentar bæði bæði heimilum og skólum. Það styrkir nemendur í læsi, þ.e. lestri, ritun og tali. Það má nota í öllum námsgreinum og fyrir alla nemendur óháð námsgetu. Clicker 5 nýtist nemendum með sérþarfir (sbr. seinfæra eða bráðgreinda), tungumálanemendum (t.d. í ensku, íslensku sem öðru tungumáli o.s.frv.).

Forritið gerir læsi að skemmtilegu og hvetjandi viðfangsefni! Framleiðandinn – Crick Software – hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir Clicker 5, þ.m.t. sex BETT verðlaun.

